skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

MATSEÐILLINN FYLGIR BLAÐINU Í DAG
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN
2010

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
31. janúar 2011
25. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Hundrað ár í starfi

Thorvald og Sigurberg heiðraðir fyrir störf hjá Sláturfélagi Suðurlands.

tímamót 16

Lágt muldur þrumu

Orrustan um Ísland geysar, skrifar Guðmundur Andri, og hún snýst um það hvernig samfélag verður hér í náinni framtíð.

í dag 13

Við viljum meira

Heimsmeistarinn Thierry Omeyer í viðtali við Fréttablaðið eftir sigurinn á Dönum í úrslitaleik HM.

sport 26

veðrið í dag

HVESSIR ER LÍÐUR á daginn. Í dag má búast við vaxandi NA- og A-áttum, einkum á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Úrkoma S- og V-til en norðan- og austanlands þykknar upp með éljum er líður á daginn.

VEÐUR 4

Umhverfisfræðingur óttast eiturefni í gömlum húsum

Umhverfisfræðingur undrast að magn PCB-efna í gömlum íslenskum húsum hafi ekki verið rannsakað. Hann varar við hættu af völdum eiturefnanna. Vinnueftirlitið telur ekki mikla mengunarhættu til staðar.

UMHVERFISMÁL Engin rannsókn hefur farið fram á því hversu mikið af PCB-eiturefnum kann að leynast í gömlum byggingum hérlendis. Mjög langt er gengið á Norðurlöndunum við að uppræta efnin og er viðhafður mikill viðbúnaður til að komast hjá því að þau sleppi út og valdi skaða á umhverfinu. Sérstök hætta er talin steðja að byggingaverkamönnum sem sjá um niðurrif eða viðhald bygginga, en návist við efnin hefur mikla heilsufarsáhættu í för með sér.

„Það getur vel verið að PCB í byggingum sé ekkert vandamál á Íslandi. En efnið var samt notað hér á sínum tíma, og meðan ekki hefur verið sýnt fram á að það finnist ekki í skaðlegu magni er ástæða til að óttast að svo sé," skrifar Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf. Environice, á bloggsíðu sinni.

Hann segir að PCB geti leynst víða í gömlum byggingum, svo sem í límu og þéttingum í tvöföldu gleri sem var notað hér á þeim tíma sem slíkar vörur innihéldu verulegt magn af PCB, eða um áratugaskeið fyrir 1980.

Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, metur málið með sama hætti. Hann segir að engin ástæða sé til að ætla að minna sé af PCB-spilliefnunum í íslenskum húsum frá þessu árabili en erlendis. Hann tekur undir að lítið sé vitað um tilvist efnanna.

Víðir Kristjánsson, deildarstjóri efna- og hollustuháttadeildar Vinnueftirlitsins, telur ekki að mikil mengun sé af PCB-efnum þegar gamlar byggingar eru rifnar. „Við höfum ekki talið ástæðu til að gera mikið mál úr þessu. Það er lítil hætta á þessari mengun þegar verið er að fjarlægja byggingarefnin, að mínu mati."

Víðir vitnar þar til finnskra mælinga á PCB við niðurrif gamalla bygginga. Hann gerir hins vegar ekki lítið úr því að fyrirbyggjandi aðgerðir séu viðhafðar við framkvæmdir, en það byggi á mati á mengunarhættu á hverjum stað.

Stefán kannaði hugsanlega hættu á PCB-mengun árið 2004. Hans útreikningar sýndu að hérlendis gætu tugir tonna af PCB leynst í byggingum sem reistar voru eða endurbættar á árunum 1956-1980. „Á nýliðnum uppgangsárum í byggingariðnaði held ég að meira hafi verið lagt upp úr því að vinna verkin hratt en að fást við smáatriði á borð við eiturefni. Á sama tíma og danskir iðnaðarmenn klæðast geimfarabúningum við þessa vinnu óttast ég að íslenskir kollegar þeirra gangi vasklegar til verks, berhentir og rykgrímulausir." - shá

Hvað er PCB?

PCB (pólýklóreruð bífenýl) eru þrávirk lífræn efni, sem setjast að í fituvefjum, safnast upp í fæðukeðjunni og hafa skaðleg áhrif á menn og dýr, meðal annars á frjósemi, ónæmiskerfi og taugakerfi.

MIKIL SAMSTAÐA Mannfjöldinn lætur hvorki útgöngubann né lögreglu og her stöðva sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekkert lát er á mótmælunum í Egyptalandi þrátt fyrir útgöngubann dag eftir dag:

Óvissa um framtíð Mubaraks

EGYPTALAND, AP „Þið eruð eigendur þessarar byltingar," sagði Mohammed ElBaradei, einn leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Egyptalandi þar sem hann ávarpaði mannfjöldann á Tahrir-torgi í Kaíró.

Þúsundir manna voru þar saman komnar þrátt fyrir útgöngubann. Mikill fjöldi hermanna var einnig á staðnum og hinar illræmdu lögreglusveitir sneru einnig á vettvang eftir að hafa látið sig hverfa um stund.

ElBaradei, sem er friðarverðlaunahafi Nóbels og fyrrverandi yfirmaður kjarnorkueftirlits Sameinuðu þjóðanna, hvatti Hosni Mubarak forseta til að víkja úr embætti. Flest bendir til þess að honum sé ekki sætt mikið lengur í embætti. Hann hefur þegar brugðist við með því að skipta um ríkisstjórn og skipa náinn samstarfsmann sinn í embætti varaforseta, sem tæki þá við til bráðabirgða.

Hinn öflugi her landsins ræður þó úrslitum um framhaldið, enda nýtur hann enn sem komið er velvildar mótmælendanna.

Stjórnvöld í Evrópuríkjum hafa hvatt ríkisborgara sína til að fara frá Egyptalandi meðan óvissa ríkir um þróun mála. - gb / sjá síðu 10

Stefán Karl í ævintýramynd:

Talar inn á Þór

FÓLK Stefán Karl Stefánsson eyddi níu tímum í hljóðveri í Los Angeles til að tala inn á stórmyndina Thor sem skartar meðal annars Anthony Hopkins og Natalie Portman í stórum hlutverkum. Stefán Karl var fenginn til að segja setningar á íslensku, kenna öðrum að fara með línur úr Hávamálum og syngja nokkrar drykkjuvísur á hinu ylhýra.

Töluvert stór hópur manna og kvenna í Hollywood hefur sérhæft sig í að mynda mennsk aukahljóð inn á myndir til þess að ljá ákveðnum hlutum meiri dýpt. „Það er kannski einhver stjarna lamin í magann og þá vantar kannski hærra hljóð frá henni. Þá er ekkert hægt að hringja í stjörnuna og biðja hana um að koma í hljóðver og gefa frá sér svona hljóð," segir Stefán. - fgg / sjá síðu 30



SPURNING DAGSINS



Ísgerður, var kalt á ferðalagi um Norðurpólinn?

Nei, litlu ljósin, börnin, ylju ðu mér. Ég gekk út með hlýju í hjartanu.

Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir frumsýndi Fjársjóðsleit með Ísgerði í Norðurpólnum á laugardag. Sýningargestir taka þátt í sýningunni sem er ferðalag um leikhúsið.

Stígamót bregðast við vanda í tengslum við vændi á Íslandi:

Vændisathvarf verður opnað

SAMFÉLAGSMÁL Stígamót hafa ákveðið að setja á stofn vændisathvarf sem tilraunaverkefni til eins árs.

„Við erum að leita að húsnæði og starfskrafti í athvarfið," segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, og bætir við að um nokkurra ára skeið hafi verið mikil þörf á vændisathvarfi. „Konur á leið í vændi hafa farið í kvennaathvarfið sem var þó aldrei hugsað sérstaklega til að sinna þeim. Vegna skorts á öðrum úrræðum höfum við hjálpað konum sem hafa viljað komast út úr þessum heimi til útlanda. Við vitum því að þörfin er til staðar."

Vændisathvarfið verður fjármagnað með tíu milljóna styrk úr ríkissjóði auk nokkurra milljóna sem söfnuðust í landssöfnun í tengslum við Kvennafrídaginn með sölu á kynjagleraugunum.

Í athvarfinu verður að sögn Guðrúnar sjálfshjálparstarf þar sem konur fá tækifæri til að slíta sig úr þeim viðjum sem þær eru í og byggja sig upp. „Við nýtum þá reynslu sem við höfum á Stígamótum í samvinnu við aðila sem vinna við að byggja fólk upp, félagsþjónustuna, lögreglu og stjórnvöld. Hugmyndin er að allir hjálpist að."

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR Starfsfólk Stígamóta veit að þörf fyrir vændisathvarf er til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- mmf

Lestir rákust saman:

Minnst 10 látnir eftir lestarslys

ÞÝSKALAND Að minnsta kosti tíu manns létust í lestarslysi í austurhluta Þýskalands á laugardag. 33 eru slasaðir.

Slysið varð þegar farþegalest og vöruflutningalest skullu saman í nágrenni við Magdeburg á laugardagskvöld. Farþegalestin var síðasta lestin sem fór frá Magdeburg þetta kvöld.

Um 150 manns komu að björgunaraðgerðum sem stóðu í allan gærdag. Tala látinna gæti hækkað að sögn björgunarmanna. Ekki er enn ljóst hvað olli slysinu. - þeb

Varð 35 að bana í Rússlandi:

Kennsl borin á sprengjumann

RÚSSLAND Búið er að bera kennsl á mann sem sprengdi sig í loft upp á flugvelli í Moskvu fyrir viku. Hann var tvítugur og frá Norður-Kákasus.

35 létust í sprengingunni og 180 særðust. Maðurinn sprengdi sig í loft upp í komusal flugvallarins. Rannsóknarnefnd segir að sprengingin hafi átt að beinast að erlendum ríkisborgurum. Að minnsta kosti sjö slíkir létust. Sextán Rússar létu lífið en ekki hefur verið greint frá þjóðerni tólf manns. - þeb

STRÆTÓ Umferðaröryggisátak Strætó hefur skilað árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Umferðarslysum fækkar:

Helmingi færri óhöpp hjá Strætó

SAMGÖNGUR Umferðaróhöpp þar sem strætisvagnar Strætó bs. eiga í hlut voru færri árið 2010 en þau hafa verið frá því farið var að vinna markvisst að því að fækka þeim. Frá árinu 2006 hefur óhöppum fækkað um helming, eða um 48 prósent.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir árangurinn vonum framar.

„Akstursmagnið hefur eitthvað minnkað, en ekki að sama skapi og óhöppin," segir Reynir. „Við spurðum okkur hvort þetta væri einungis afleidd þróun en komumst að raunum um að það sé ekki þannig. Þetta er bara í beinu samræmi við þessar aðgerðir." - sv

Nágranni vita þorir ekki að vera nakinn

Íbúi á Vitastíg í Hafnarfirði segir átroðning í garð hans yfirgengilegan vegna aukins áhuga á 110 ára vita við lóðina. Hann vill að bærinn girði vitann af eða flytji hann burt. Ágangur á lóð hans er ekki okkar mál svarar hafnarstjórn.

FÓLK „Bærinn treystir bara á að fólk geti vaðið yfir garðinn hjá mér og garðana í kring," segir Helgi Arndal Davíðsson, íbúi á Vitastíg 12 í Hafnafirði, sem er langþreyttur á umferð að gömlum vita við baklóð hans.

Vitinn sem um ræðir var byggður úr timbri fyrir 110 árum og er ekki lengur í notkun. Helgi segir vitann njóta vaxandi vinsælda. Engin aðkoma sé að honum nema yfir íbúðalóðirnar sem næstar séu.

„Fólk æðir í gegnum garðinn hjá mér á öllum tímum í alls konar ástandi til að skoða þennan blessaða vita. Maður er vakinn á morgnana af fólki sem stendur við svefnherbergisgluggann hjá manni með myndavélar. Maður getur ekki einu sinni verið í sturtu og labbað um á rassinum, þá er eitthvert fólk mænandi inn," lýsir Helgi ástandinu.

Þá segir Helgi öllu steini léttara vera stolið úr garðinum og að sonur hans þori ekki lengur að leika sér þar úti vegna áreitis. „Þetta er alveg glatað," segir hann.

Lóðin sem vitinn stendur á er umlukt íbúðalóðum á alla vegu. Helgi segist hafa rætt um vitann við bæði fyrrverandi og núverandi bæjarstjóra. „Það er sama sagan; þetta lið gerir ekki nokkurn skapaðan hlut," segir Helgi um viðbrögð bæjarstjóranna.

Seinast sneri Helgi sér til hafnarstjórnar sem hyggst láta taka saman greinargerð um lóðir er liggja að vitanum. En Helgi fékk þó enga úrlausn þar því honum var einfaldlega skýrt frá því að höfnin væri ekki ábyrg fyrir ágangi á lóð hans. „Sniðugast af öllu væri að fara með vitann í burtu og setja hann til dæmis á byggðasafnið niðri í bæ. Þá gæti fólk gengið í kringum hann og skoðað hann að innan. Ef þeir ekki gera það þá krefst ég þess að bærinn girði af á milli mín og vitans. Annars getur bæjarstjórinn bara tekið þennan vita og stungið honum í garðinn hjá sér," segir Helgi.

VITINN Helgi Arndal Davíðsson sem býr á Vitastíg í Hafnarfirði vill að bærinn flytji gamlan vita aftan við hús hans á brott eða girði hann af til að hindra óviðkomandi að fara um garð hans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Maður getur ekki einu sinni verið í sturtu og labbað um á rassinum, þá er eitthvert fólk mænandi inn.
>
> **HELGI ARNDAL DAVÍÐSSON**
> ÍBÚI Á VITASTÍG Í HAFNARFIRÐI

Að sögn Helga hefur Ferðamálaráð Hafnarfjarðar valdið auknum umgangi um garð hans með því að beina fólki að vitanum. „Það hafa líka verið skipulagðir ratleikir að vitanum og þá er fullt af fólki hlaupandi hér um með látum," segir Helgi sem kveður næsta skref hjá sér að krefjast skaðabóta, til dæmis að fá felld niður fasteignagjöld. „Ég var með grindverk á milli hússins míns og vitans en því var bara rutt niður af fólki sem brölti yfir það. Ég er orðinn þreyttur á þessu."

gar@frettabladid.is

NIÐURSTÖÐUM FAGNAÐ Meira en 99 prósent íbúa suðurhlutans vilja stofna sjálfstætt ríki. NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt ríki verður stofnað:

Ósamið er um auðlindirnar

SÚDAN, AP Meira en 99 prósent kjósenda í Suður-Súdan vilja segja skilið við Súdan og stofna nýtt ríki í suðurhlutanum. Kosningaþátttakan var 99 prósent, þannig að ekki fer á milli mála hver vilji íbúanna er.

Talningu er nú lokið og verður nýja ríkið stofnað 9. júlí, samkvæmt þeirri tillögu sem kosið var um.

Vandinn er sá að fyrst þarf að semja við norðurhlutann um skiptingu auðlinda í suðurhlutanum, en þar eru miklar olíulindir í jörðu sem norðanmenn hafa notið góðs af. Meira en tveir þriðju olíuauðlinda landsins eru í suðurhlutanum, en eina olíuleiðslan þaðan liggur í gegnum norðurhlutann. - gb

Leiðtogi íslamista snýr aftur:

Segist ekki vera neinn Khomeini

TÚNIS, AP „Sumir vestrænir fjölmiðlar líkja mér við Khomeini, en ég er ekki hann," sagði Rachid Ghanouchi, leiðtogi íslamista í Túnis, sem sneri heim í gær úr útlegð í Frakklandi.

Forseti landsins hraktist frá völdum fyrir stuttu í kjölfar fjölmennra mótmæla.

Hann segist hvorki ætla að bjóða sig fram til forseta né þings, en vonast þó til að stjórnmálaflokkur sinn geti hjálpað til við lýðræðisvæðingu landsins. - gb

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fundaði með stjórnlagaþingsfulltrúum:

Telur að þingið gæti dagað uppi

STJÓRNLAGAÞING „Það kæmi mér ekki á óvart ef stjórnlagaþingið dagaði uppi. Þetta er ískalt mat á stöðu stjórnmála í landinu," segir Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórnlagaþingsfulltrúi og dósent í stjórnmálafræði. Hann og aðrir stjórnlagaþingsfulltrúar sátu fund með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra í gær. Rætt var um stöðuna sem komin er upp eftir að Hæstiréttur ógilti kosningar til stjórnlagaþings.

Ögmundur segist hafa farið á fundinn til að hlýða á sjónarmið stjórnlagaþingsfulltrúa og skiptast á skoðunum um málið. „Ég fór ekki á þennan fund með umboð eða ákvörðun í vasanum."

Ögmundur segir að ríkisstjórnin ætli í framhaldinu að heyra viðhorf stjórnarandstöðuflokkanna. „Ríkisstjórnin er staðráðin í að koma á laggirnar stjórnlagaþingi en um nánari framvindu hefur ekki verið tekin ákvörðun."

Eiríkur Bergmann tekur undir með Ögmundi að engar ákvarðanir hafi verið teknar. Hann telur að tvær leiðir séu færar í málinu, annars vegar að endurtaka kosninguna og hins vegar að Alþingi skipi hina kjörnu fulltrúa í sérstaka nefnd með heimild til að setja niðurstöður í þjóðaratkvæðagreiðslu. - mmf

ÖGMUNDUR JÓNASSON Á fundinum komu fram mismunandi viðhorf sem Ögmundi þóttu góð og vel ígrunduð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Android dagar hjá Nova!

1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir öllum Android farsímum hjá Nova!

Tölvupósturinn

facebook

LG Optimus One

ANDROID 2.2

- Google Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 3,0 MP myndavél

1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!

3.990 kr.

á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 44.990 kr.

Gildir með áskrift og frelsi.

HTC Wildfire

ANDROID 2.1

- Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 5,0 MP myndavél

1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!

4.990 kr.

á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 58.990 kr.

Gildir með áskrift og frelsi.

foursquare

Staðsetningarforrit

Google maps

Götu- og stjörnukort

Samsung Galaxy

ANDROID 2.1

- Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 2,8" snertiskjár
- 2 MP myndavél

1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!

3.390 kr.

á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 39.990 kr.

Gildir með áskrift og frelsi.

Android Market

Yfir 200.000 frí forrit (apps)

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Netið í farsímann fylgir hjá viðskiptavinum í áskrift (150 MB/mán.), en í frelsi kostar dagurinn aðeins 20 kr. (5 MB).
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 28.01.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,30	115,86
Sterlingspund	183,10	184,00
Evra	158,35	159,23
Dönsk króna	21,241	21,365
Norsk króna	19,938	20,056
Sænsk króna	17,857	17,961
Japanskt jen	1,3943	1,4025
SDR	180,20	181,28

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,5508
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Undirbúningur Vaðlaheiðarganga í farvegi en fundað um verkefni suðvestanlands:

Norðanmenn ekki á móti veggjaldi

FRAMKVÆMDIR Ekki komu fram athugasemdir við áformað veggjald í fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng á fundi innanríkisráðherra um verkefnið á Akureyri á miðvikudaginn var. Fundinn sátu sveitarstjórnarmenn og þingmenn Norðausturkjördæmis og í samgöngunefnd.

Ögmundur Jónasson kynnti í ríkisstjórn á föstudag að í samræmi við vilja heimamanna yrði nú lokið nauðsynlegri lögfræðivinnu vegna stofnunar hlutafélags um framkvæmd Vaðlaheiðarganga og að farið yrði í forval án fjárhagslegra skuldbindinga. Afla þyrfti nákvæmari upplýsinga um kostnað og vaxtakjör sem í boði væru.

Tilgangur fundarins nyrðra var að heyra hug heimamanna til verkefnisins, ekki síst í ljósi mikillar óánægju með áform um veggjöld til að fjármagna breikkanir vega suðvestanlands.

Forsenda þess að ráðist verði í gerð Vaðlaheiðarganga er að veggjöld standi undir öllum kostnaði. Gangi það ekki eftir eru forsendur fyrir aðkomu ríkissjóðs brostnar, eins og segir í minnisblaði sem Ögmundur kynnti í ríkisstjórn.

Fram kom líka að vegna andstöðu almennings og sveitarstjórna á suðvesturhorninu með að veggjöld standi undir fjármögnun flýtiverkefna í vegaframkvæmdum þurfi þau verkefni frekari umræðu. Fundir á svæðinu eru fyrirhugaðir. - bþs

GANGAGERÐ Þess er að vænta að efnt verði til forvals vegna Vaðlaheiðarganga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskur iðnnemi sigrar:

Krýnd meistari í Danmörku

FÓLK Íslendingurinn Dagný Björk Örlygsdóttir sigraði í keppni í kjötiðn í Danmörku um helgina.

DAGNÝ BJÖRK ÖRLYGSDÓTTIR

Keppnin var hluti af keppni verk- og iðnnema í Danmörku sem haldin var dagana 27. til 29. janúar í Óðinsvéum. Keppt var í 23 iðngreinum.

Dagný Björk nemur kjötiðn við verkmenntaskólann Århus Tech í Árósum. Hún var krýnd Danmerkurmeistari 2011, fékk að launum rúmar 400 þúsund íslenskar krónur og mun keppa fyrir hönd Danmerkur í alþjóðlegum keppnum í kjötiðn á árinu. - mmf

Bæjarstjórn Ísafjarðar ályktar:

Vilja auknar aflaheimildir frístundabáta

SJÁVARÚTVEGSMÁL Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur farið þess á leit við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að pottur aflaheimilda frístundaveiðibáta verði stækkaður þannig að fyrirtækjum sem stunda sjávartengda ferðaþjónustu verði gert mögulegt að efla og þróa starfsemi sína. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Arður af aukningunni myndi renna til að styrkja starfsemi Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði. Þetta kemur fram í áskorun sem sett var fram á síðasta bæjarstjórnarfundi í nafni allra bæjarfulltrúa. - kh

Forsætisráðherra sýni embættinu virðingu

Áætlað er að sjávarútvegsráðherra leggi fram frumvarp um fiskveiðistjórnun í febrúar. Formaður LÍU segist ekki ná tali af ráðamönnum. Forsætisráðherra verði að gæta að virðingu embættisins og hætta að uppnefna útgerðarmenn.

STJÓRNMÁL Gerð frumvarps um fiskveiðistjórnun er nú flýtt og mun Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ætla að leggja það fram á Alþingi eftir nokkrar vikur.

Frumvarpið mun í megindráttum byggja á tillögum sem svokölluð endurskoðunarnefnd skilaði í fyrrahaust. Samkvæmt þeim er áætlað að útgerðin fái 80 til 95 prósent aflaheimilda. Á bilinu 5 til 20 prósentum aflaheimildanna verði úthlutað eftir byggðasjónarmiðum eða á öðrum félagslegum forsendum. Ekki náðist í Jón Bjarnason í gær.

Eins og kunnugt er setja Samtök atvinnulífsins það skilyrði fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði að starfsumhverfi í sjávarútvegi verði skýrt. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), segir að sé frumvarpið ásættanlegt greiði það vísast fyrir samningunum. Útvegsmenn hafi hins vegar í fjóra mánuði árangurslaust reynt að ná tali af Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra og Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra.

„Ef menn ætla að fara samningaleiðina þá þurfa báðir samningsaðilar að koma að borðinu. Það verður ekki gerður samningur öðruvísi," segir Friðrik.

Að sögn Friðriks lagði forsætisráðherra það til í júní í fyrra að reynt yrði að byggja á svipuðu fyrirkomulagi í sjávarútvegi og varðandi nýtingu jarðvarma- og vatnshitaréttinda í eigu ríkisins. Þar sé rætt um 40 til 50 ára afnotarétt og það sjái útvegsmenn sem lágmarks tímalengd.

Friðrik er ósáttur yfir samráðsleysinu. „Jóhanna hefur ekki haft tíma til að ræða við okkur eða Samtök atvinnulífsins um þetta mál. Síðan í september hefur verið vinna í ráðuneytinu sem enginn hefur fengið að sjá eða koma nálægt nema þá stjórnmálamenn í samráðshópi stjórnarflokkanna. Þetta er hið opna og gagnsæja ferli sem boðað er í stjórnarsáttmálanum," segir hann og gagnrýnir framgöngu Jóhönnu Sigurðardóttur sérstaklega.

„Við heyrum ekki eitt einasta orð. Svo hefur forsætisráðherrann sig í það að niðurlægja embætti forsætisráðherra með því að uppnefna þá sem vinna í þessari atvinnugrein og hafa ekkert gert annað en að fara að lögum sem hún sjálf setti fyrir margt löngu síðan. Hún verður að fara að taka sig saman blessunin og sýna þessu embætti viðeigandi virðingu."

gar@frettabladid.is

FISKVEIÐAR Framkvæmdastjóri LÍÚ segir útgerðarfyrirtæki vilja að lágmarki 40 til 50 ára afnotarétt af aflaheimildum líkt og lagt hafi verið til varðandi jarð- og vatnshitaréttindi í eigu ríkisins.

FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

JÓN BJARNASON

Sprenging í fjölda vírusa:

Upplýstur notandi eina vörnin

TÆKNI Árið 2011 verður árið sem sprenging verður í fjölda vírusa fyrir snjallsíma að mati sérfræðinga. Engin vírusvörn og engir eldveggir verja viðkvæmar persónuupplýsingar í farsímunum segir Jón Kristinn Ragnarsson, sem vann meistaraverkefni í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands um netógnir.

JÓN KRISTINN RAGNARSSON

Snjallsímar eru í raun litlar tölvur sem tengjast netinu þráðlaust. Dæmi eru hinir vinsælu iPhone og símar ýmissa fyrirtækja sem nota Androidhugbúnaðinn.

Jón Kristinn bendir á að ýmiss konar persónuupplýsingar sé að finna í mörgum símum. - bj

Mænuskaðatillaga samþykkt:

Gæðaskrá um mænuskaða

HEILBRIGÐISMÁL Velferðarnefnd Norðurlandaráðs samþykkti á miðvikudag tillögu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um að fela nefnd sérfróðra vísindamanna að safna upplýsingum og búa til yfirlit yfir rannsóknir og meðferðir við mænuskaða og gera tillögur um úrbætur.

Einnig var samþykkt að gera rannsókn á þátttöku fólks með mænuskaða á vinnumarkaði og vinna að norrænni gæðaskrá um mænuskaða.

Tillagan verður lögð fram til umfjöllunar á árlegu þingi Norðurlandaráðs í nóvember. - mmf

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

ÚRKOMUSAMT
Þessa dagana er heldur þungbúið og úrkomusamt á landinu enda kemur hver lægðin á fætur annarri upp að landinu. Í kvöld má búast við úrkomu um allt land en á morgun léttir heldur til. Sæmilega hlýtt sunnan til í dag en annars er hitinn heldur á niðurleið.

Á MORGUN 8-15 m/s, Hægast austan til.

MIÐVIKUDAGUR Hvessir NV-til síðdegis.



HEIMURINN

Alicante	12°
Basel	5°
Berlín	-1°
Billund	3°
Frankfurt	0°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	19°
London	5°
Mallorca	13°
New York	-2°
Orlando	23°
Ósló	1°
París	3°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

markhonnunn.is

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

ÁVAXTA- OG GRÆNMETISSAFAR
1 L

TRÖNUBERJASAFI 298 kr/stk. áður 359 kr/stk.

ANANASSAFI 229 kr/stk. áður 298 kr/stk.

SVESKJUSAFI 298 kr/stk. áður 359 kr/stk.

TÓMATSAFI 199 kr/stk. áður 259 kr/stk.

GRAPESAFI 229 kr/stk. áður 298 kr/stk.

GRÆNMETISSAFI 229 kr/stk. áður 298 kr/stk.

HOLLUSTAN Í FYRIRRÚMI!

JARÐARBER
500 G LAUSFRYST

23% afsláttur

299 kr/pk.
áður 389 kr/pk.

BLÁ-, BRÓM- & TRÖNUBER
300 G LAUSFRYST

33% afsláttur

199 kr/pk.
áður 299 kr/pk.

SKÓGARBER
300 G LAUSFRYST

31% afsláttur

199 kr/pk.
áður 289 kr/pk.

HINDBER
300 G LAUSFRYST

25% afsláttur

299 kr/pk.
áður 398 kr/pk.

STÓR BLÁBER
250 G LAUSFRYST

31% afsláttur

199 kr/pk.
áður 289 kr/pk.

EPLA-, APPELSÍNU- & MILDUR ÁVAXTASAFI
1 L

20% afsláttur

159 kr/stk.
áður 199 kr/stk.

SMOOTHIE
600g – 3 TEG.

495 /pk.
áður 589 kr/pk.

Sci-MX NUTRITION

25% afsláttur af SCI-MX vörum

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast

KJÖRKASSINN

Fylgdist þú með leik Íslendinga um 5. sæti á heimsmeistaramótinu í handknattleik?

Já	47,2%
Nei	52,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfðir þú á úrslitaleik heimsmeistaramótsins í handknattleik?

Segðu þína skoðun á vísir.is. VÍSIR

Framúrakstur talinn ástæða þess að maður lést eftir bílveltu:

Manndráp af gáleysi í dómi

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega sextugan karlmann fyrir manndráp af gáleysi. Hann neitaði sök við þingfestingu.

Manninum er gefið að sök að hafa ekið vörubifreið með tengivagni aftan í fram úr bifreið við Hafnarfjall, án nægjanlegrar varúðar vegna aðstæðna. Hann hafi ekki gætt nægilega að hliðarbili við bifreiðina sem hann var að fara fram úr en beygt vörubifreiðinni til hægri og að hluta til í veg fyrir hana.

Afleiðingar þessa urðu þær að ökumaður bifreiðarinnar varð að víkja að hluta til út á hægri vegöxl til að forðast árekstur við vörubílinn og tengivagninn. Hann missti við það stjórn á bílnum, að því er fram kemur í ákæru, svo hann fór margar veltur á veginum. Ökumaðurinn hlaut áverka á brjóstholi með fjöldamörg rifbrot, sprungu í bringubeini og blæðingu inn við lunga og heila. Hann lést þremur dögum síðar eftir legu og lyfjagjöf vegna áverkanna á sjúkrahúsi.

> Ökumaðurinn hlaut áverka á brjóstholi með fjöldamörg rifbrot, sprungu í bringubeini og blæðingu inn við lunga og heila.
>
> ÚR ÁKÆRUSKJALI RÍKISSAKSÓKNARA

Í málinu er gerð einkaréttarkrafa á hendur vörubílstjóranum þess efnis að hann greiði fimm milljónir króna í skaðabætur. - jss

Hádegisfyrirlestur um ADHD:

Umræðan um ADHD krufin

HEILBRIGÐISMÁL Dr. Urður Njarðvík, lektor við sálfræðideild Háskóla Íslands, kryfur umræðuna um athyglisbrest með ofvirkni hjá íslenskum börnum á hádegisfyrirlestri í dag.

„Athyglisbrestur með ofvirkni, eða ADHD, er umdeild röskun sem kemur oft upp í fjölmiðlum og daglegri umræðu," segir Urður og bætir við að hún muni fjalla um eðli kvillans og greiningarferlið. Fyrirlesturinn verður í stofu 101 í Lögbergi og hefst klukkan 12.10. - mmf

Íslendingar búsettir erlendis:

42 karlmenn skráðir til heimilis í Máritaníu

FÓLK Alls eru 42 íslenskir karlar skráðir með lögheimili í Norður-Afríkuríkinu Máritaníu. Engin íslensk kona er þó með lögheimili í landinu.

Mennirnir eru flestir frá fertugsaldri og upp í sjötugsaldur. Sá yngsti er fæddur 1978 og sá elsti 1947.

Samkvæmt upplýsingum frá þjóðskrá eru mennirnir sennilega allir sjómenn og gera út þar í landi. - sv

Jákvæð þróun í vinnumálum:

Atvinnuleysið minna í Noregi

NOREGUR Atvinnuleysi mældist 3,1 prósent í Noregi í janúar, en það er eilítið minna en á sama tíma í fyrra.

Samkvæmt fréttum þarlendra fjölmiðla er þetta í fyrsta sinn frá árinu 2008 sem lækkun verður á atvinnuleysi milli ára.

Atvinnumálaráðherrann Hanne Bjurström segir ljóst að tími aukins atvinnuleysis sé að baki.

„Það er sérstaklega gleðilegt að sjá að uppsögnum starfsfólks hefur fækkað um þriðjung frá því í fyrra," sagði hún. - þj

OBAMA FORSETI Ekkert ríki með lánshæfiseinkunnina AAA skuldar jafn mikið og Bandaríkin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Moody's skoðar Bandaríkin:

Íhuga að lækka lánshæfishorfur

EFNAHAGSMÁL Matsfyrirtækið Moody's tilkynnti fyrir helgi að til greina kæmi að lækka lánshæfishorfur Bandaríkjanna. Ástæðan er þung skuldabyrði hins opinbera og að því virðist lítill vilji til að greiða niður skuldir. Matsfyrirtækið efast jafnframt um getu stjórnvalda til að draga úr halla á fjárlögum.

Ríkissjóður Bandaríkjanna er með hæstu lánshæfiseinkunnina AAA, sem var staðfest í gær. Breytist matið færast horfur í neikvæðar.

Bloomberg-fréttastofan bendir á að skuldir bandaríska ríkisins hafi um áramótin verið slíkar að þær væru hvergi hærri í nokkru landi með AAA-einkunn. - jab

Hótanapólitík af því tagi sem olli hruninu

Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, segir hættulegt að forsætisráðherra hafi í hótunum til að fá þingmenn til fylgis við ríkisstjórnina. Hún segist sjá eftir því að hafa ekki tekið slaginn og verið gagnrýnni á stjórnlagaþingsfrumvarpið.

STJÓRNMÁL „Mér finnst mjög hættulegt þegar flokksformenn beita hótunum til þess að fá þingmenn til fylgis við stefnu ríkisstjórnarinnar," segir Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra gagnrýndi órólegu deildina svonefndu í VG harkalega á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar um helgina og sagði hana hafa skaðað stjórnarsamstarfið og dregið úr trúverðugleika ríkisstjórnarinnar.

Lilja segir það koma sér á óvart að forsætisráðherra skuli taka svo sterkt til orða. „Ég veit ekki betur en að við höfum legið mjög lágt undanfarið, að minnsta kosti alla síðustu viku."

Lilja segir engan ágreining hafa verið innan stjórnarflokkanna að undanförnu. Hún sér hins vegar eftir því að hafa ekki verið gagnrýnni á stjórnlagaþingsfrumvarpið á sínum tíma.

„Ég ákvað að fylgja meirihlutanum eftir í því máli og sýndi ákveðið andvaraleysi. Þegar dómurinn féll var ég pirruð út í sjálfa mig að hafa ekki tekið enn einn slaginn. En maður velur sér slagina og ég tók ekki þennan."

Lilja segir að hótun Jóhönnu dragi úr gagnrýnisröddum hjá stjórnarliðum. „Það getur verið mjög hættulegt að ganga að öllu því sem kemur inn á borð þingsins og ekki leyfa ólíkum sjónarmiðum að koma fram. Hvað á ég til dæmis að gera þegar við förum að ræða breytingar á kvótakerfinu? Á ég þá bara að fylgja Jóhönnu? Eigum við þá ekki að ræða málin svo hægt sé að koma í veg fyrir stórslys?"

Spurð hvort forsætisráðherra sé að reyna að kúga þingmenn VG til hollustu segir Lilja:

„Mér finnst Jóhanna vera svona gamaldags stjórnmálamaður sem rannsóknarnefnd Alþingis taldi að hefði átt þátt í hruninu. Hún ætlast til ákveðinnar hollustu við ríkisstjórnina sem mér finnst hættulegt. Oft er ég ekki að gagnrýna ríkisstjórnina heldur er að reyna að afstýra mistökum."

Lilja segist ekki ætla að fylgja forsætisráðherra í blindni. „Þá fyndist mér eins og þessi þátttaka mín í stjórnmálum hafi verið til einskis. Þá hefði ég bara farið þarna inn til að stunda þá pólitík sem leiddi til hrunsins."

kristjan@frettabladid.is

JÓHANNA OG LILJA Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra gagnrýndi órólegu deildina í VG harkalega á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar um helgina. Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, segir ráðherra stunda hótanapólitík til að fá þingmenn til fylgis við stefnu ríkisstjórnarinnar.

> „Mér finnst Jóhanna vera svona gamaldags stjórnmálamaður sem rannsóknarnefnd Alþingis taldi að hefði átt þátt í hruninu.
>
> LILJA MÓSESDÓTTIR ÞINGMAÐUR VG

Eftirlitsstofnun EFTA heldur áfram rannsókn sinni á aðstoð við gagnaver Verne:

Kalla eftir greinargerðum

STJÓRNSÝSLA Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, óskaði á fimmtudag eftir greinargerð hagsmunaaðila í tengslum við rannsókn á stuðningi íslenska ríkisins og Reykjanesbæjar við Verne Holdings, sem vinnur að byggingu gangavers á Reykjanesi.

Verne keypti tvær vöruskemmur á svæði Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli í febrúar árið 2008 af íslenska ríkinu og hóf vinnu við að reisa þar gagnaver í þremur áföngum til 2016. Í september í fyrra tilkynntu stjórnvöld síðan ESA að ríkið og Reykjanesbær hygðust veita Verne aðstoð í allt að þrettán ár til að byggja gagnaverið. Vísað var til undanþágureglna í EES-samningnum um byggðaaðstoð.

Á meðal þess sem aðstoðin nær yfir eru undanþágur frá ýmsum sköttum og gjöldum, lægri tekjuskattur í ákveðinn tíma, ívilnandi fyrningarreglur, lækkun á stimpilgjaldi, fimm ára undanþága frá öllum eignaskatti sem kann að verða tekinn upp á Íslandi og 75 prósenta afsláttur á gatnagerðargjaldi. ESA hóf formlega rannsókn á málinu í nóvember í fyrra. Þeir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta hafa mánuð til að skila inn greinargerð um málið og mun ESA að því loknu óska eftir rökstuðningi frá stjórnvöldum áður en rannsóknin heldur áfram. - jab

GAGNAVER VERNE ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur frá í nóvember í fyrra rannsakað stuðning við byggingu gagnavers Verne á Reykjanesi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

Starfsnám styrkir stöðu þína!

Yfirlit námsbrauta á vorönn 2011

Sölu-, markaðs og rekstrarnám 432 stundir (2 annir)

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvort annað þ.e. Sölu- og markaðsnámi og Frumkvöðla og rekstrarnámi. Frábært nám fyrir alla sem starfa eða vilja starfa við sölumennsku og þá sem eru með eða stefna að því að fara út í eigin rekstur.

Skrifstofu- og rekstrarnám 426 stundir (2 annir)

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja vel hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunámi og Bókaranám framhald.

Grafísk hönnun 156 stundir

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem aðallega eru notuð við gerð kynningarefnis á stafrænu formi. Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

Alvöru vefsíðugerð 240 stundir

Með gagnagrunnstengdum vefjum er hægt að minnka alla umsýslu sem og sjálfvirknivæða viðhald og birtingar á gögnum eftir fyrirfram skilgreindum forsendum.

Þegar nemandinn hefur lokið þessu námskeiði á hann að hafa haldgóðan skilning á vefsíðugerð bæði hvað varðar hefðbundnar vefsíður og síðan gagnagrunnstengdar vefsíður. Nemendur hafi vald á meðferð myndefnis fyrir vefinn og framsetningu þess, hafi skilning á virkni hefðbundinna vefsíðna og læri til þess HTML kóðun.

Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

Frumkvöðla- og rekstrarnám 168 stundir

Námið er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eða stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda. Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðnum.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

Bókaranám framhald 168 stundir

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV
af auglýstu staðgreiðsluverði

INNRITUN FYRIR VORÖNN STENDUR YFIR

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heldur Körfuknattleikssamband Íslands upp á margra ára afmæli um þessar mundir?*
2. *Hvað heitir stofnandi fyrirtækisins Fabricly?*
3. *Hver hefur sent borgarstjórn áskorun þess efnis að heiðra minningu lögregluþjóna?*

SVÖR

1. 50 ára. 2. Arí Helgason. 3. Hreggviður Jónsson.

Fasteignasala dregst saman:

Lítil sala á atvinnuhúsnæði

VIÐSKIPTI Mjög hefur dregið úr viðskiptum með atvinnuhúsnæði í kreppunni.

Í desember síðastliðnum var 129 kaupsamningum og afsölum um atvinnuhúsnæði þinglýst á landinu öllu, samanborið við 154 í sama mánuði árið 2009.

Fjallað er um málið í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka. Þar segir að í sama mánuði árið 2006, þegar viðskiptin voru hvað mest á þessum markaði í aðdraganda hrunsins, hafi 229 kaupsamningum verið þinglýst.

HAFNARFJÖRÐUR

Afsláttur á fasteignagjöld

Gefinn verður fimm prósenta staðgreiðsluafsláttur á álögðum fasteignagjöldum fyrir árið 2011 í Hafnarfirði ef viðkomandi greiðir þau fyrir 4. mars.

Ekki er alltaf hægt að breyta skráningu útblásturs á bílum

Töluverðu getur munað á bifreiðagjöldum eins bíla, allt eftir skráningu útblásturs í skráningarskírteini þeirra. Örtröð er á Umferðarstofu vegna fyrirspurna um málið. Ekkert samráð var við stofnunina um lagabreytingu.

BÍLAR Mikið álag hefur verið á starfsfólki Umferðarstofu síðustu daga vegna fólks sem vill fá upplýsingar um útblástursskráningu bíla sinna. Fólk er beðið um að senda stofnuninni frekar tölvupóst en að hringja.

Um áramót tóku gildi ný lög sem breyttu útreikningi bifreiðagjalda. Þau miðast nú við skráða losun koltvísýrings. Liggi þær upplýsingar ekki fyrir eru gjöldin ákvörðuð í samræmi við þyngd ökutækisins.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, bendir á að skammt sé síðan lögunum var breytt og að ekki hafi verið haft samráð við Umferðarstofu um breytingarnar. „Komast hefði mátt hjá óþægindum fjölda bifreiðaeigenda ef Umferðarstofa hefði komið að þeim undirbúningi," segir hann.

Axel Bergmann, framkvæmdastjóri Bílabankans, segist þekkja dæmi þar sem tæpum ellefu þúsund krónum munar á gjöldum eins bíla. Annar tveggja Range Rover jeppa af 2007 árgerð var fluttur nýr til landsins af umboði. Bifreiðagjöld af honum segir Axel vera 23.312 krónur. Hinn var fluttur inn notaður og greiðir 33.214 krónur.

„Ég myndi halda að hátt í 30 prósent bíla séu rangt skráð," segir Axel, en upplýsingar um vanskráningu liggja ekki fyrir hjá Umferðarstofu. Í tölum sem Bílgreinasambandið birti í fyrrasumar kom fram að meðalaldur bíla hér er 10,5 ár, með því hæsta sem gerist í Evrópu. Í svörum Umferðarstofu um málið kemur fram að losun koltvísýrings sé skráð í ökutækjaskrá hjá flestum nýlegri bílum. „Hins vegar er ákveðinn hluti fólksbifreiða, svo sem þær sem eru eldri en 10 ára, ekki með skráða losun koltvísýrings í ökutækjaskrá," segir í tilkynningu Umferðarstofu. Þá er vitað að rútur, sendi- og vörubílar, auk fólksbíla, sem fluttir hafa verið inn notaðir frá Bandaríkjunum, eru ekki með skráða losun koltvísýrings. Fram kemur í svörum stofnunarinnar að hvorki sé hægt að breyta skráningu bíla sem fluttir eru inn frá Bandaríkjunum, né skráningu sendi-, vöru- og hópferðabifreiða.

Þótt dæmi séu um annað segir Einar Magnús ekki hægt að gefa sér að gjöld lækki sé losun ökutækja skráð. „Í vissum tilfellum er því öfugt farið, þau gætu hækkað," segir hann.

olikr@frettabladid.is

BÍLAR Á álagningarseðli bifreiðagjalda kemur fram hvernig gjöld eru lögð á. Liggi ekki fyrir upplýsingar um skráða losun koltvísýrings (co2) þá stendur að losunin sé „óþekkt".

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reiknireglan

Í tíundu grein laga um breytingu á lögum um bifreiðagjald (númer 156 frá síðasta ári) segir:

„Liggi upplýsingar um skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis ekki fyrir skal losun ökutækis ákvörðuð sem 0,12 grömm á hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækisins að viðbættum 50 grömmum af koltvísýringi.

Bifreiðagjald ökutækis, að eigin þyngd meira en 3.500 kg, á hverju gjaldtímabili er 46.880 kr. að viðbættum 2 kr. fyrir hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækis umfram 3.500 kg. Bifreiðagjald ökutækis, að eigin þyngd meira en 3.500 kg, skal þó ekki vera hærra en 73.800 kr. á hverju gjaldtímabili."

Veldu þér Polo

Komdu við og skoðaðu úrvalið af VW Polo bílaleigubílum sem voru að koma í sölu til okkar. Verðið er sérlega hagstætt og með Bílaábyrgð Heklu getur þú haft bílinn í ábyrgð þar til hann nær fimm ára aldri eða 120 þúsund kílómetra akstri.

Das Auto.

Dæmi um bílaleigubíla sem eru á skrá

VW Polo Comfortline
1.4 bensín, 5 dyra
Verð: 1.490.000 kr. Ekinn 55.000 km.
Skráningardagur 14.06.07. Beinskiptur.

VW Polo Comfortline
1.4 bensín, 5 dyra
Verð: 1.590.000 kr. Ekinn 55.000 km.
Skráningardagur 23.06.08. Beinskiptur.

VW Polo Comfortline
1.4 bensín, 5 dyra
Verð: 1.650.000 kr. Ekinn 63.000 km.
Skráningardagur 14.05.07. Sjálfskiptur.

MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU

Bílaábyrgð Heklu fylgir öllum Volkswagen Polo bílaleigubílum sé bíllinn keyptur í febrúar 2011.

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Notaðir bílar · Klettháls og Laugavegi 174 · Sími: 590-5040 · Opið virka daga 10–18 og laugardaga 12–16.

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

SUZUKI

Way of Life!

Til hamingju Suzuki eigendur!

Suzuki Grand Vitara Luxury sjálfskiptur
Verð kr. 4.980.000

SUZUKI SWIFT
Verð frá kr. 2.380.000

SÍÐASTLIÐNA 24 MÁNUÐI VAR SUZUKI GRAND VITARA MEST SELDI JEPPINN OG SUZUKI SWIFT MEST SELDI FÓLKSBÍLLINN Á ÍSLANDI

Borgarbílinn
SUZUKI SPLASH
Verð frá kr. 2.250.000

Sparibaukurinn
SUZUKI ALTO
Verð frá kr. 1.790.000

Metsölubíllinn
SUZUKI SWIFT
Verð frá kr. 2.380.000

Eðalbíllinn
SUZUKI KIZASHI
Verð kr. 5.970.000

Smájeppinn
SUZUKI JIMNY
Verð frá kr. 3.250.000

Sportjepplingurinn
SUZUKI SX4
Verð kr. 3.690.000

Fjölskyldujeppinn
SUZUKI GRAND VITARA
Verð kr. 4.980.000

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Jan. 2011

FRÉTTASKÝRING: Ólga í Mið-Austurlöndum

Tími uppgjörs í Egyptalandi

Einungis tímaspursmál virðist hvenær Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, hrökklast frá völdum. Óvissan um hvað við tekur er mikil. Mubarak virðist þó vonast til að Omar Suleiman, nýbakaður varaforseti hans, fái keflið. Viðbrögð hers landsins munu ráða úrslitum.

Í SÁTT OG SAMLYNDI Vel hefur farið á með hermönnum og mótmælendum síðan herinn tók við öryggisgæslu af óeirðalögreglunni óvinsælu. NORDICPHOTOS/AFP

Egypski herinn er valdamesta stofnun landsins. Hann hefur tryggt stöðugleika einræðisstjórnarinnar í meira en hálfa öld og virðist enn sem komið er njóta mikils fylgis meðal mótmælenda.

Mikil óvissa ríkir hins vegar um áform hersins, sem gæti hæglega gert stjórnarbyltingu og tekið að sér stjórn landsins fari svo að Mubarak takist hvorki að ná sættum við mótmælendur né hverfa frá völdum með friðsamlegum hætti.

Mótmælin á götum Kaíró og fleiri borga Egyptalands hafa síðan á þriðjudag kostað vel á annað hundrað manns lífið. Þúsundir hafa særst og þúsundir hafa verið handteknar.

Vinsældir hersins

Nokkur þáttaskil virtust verða í mótmælunum þegar óeirðalögreglan hvarf af götunum í fyrrinótt en herinn birtist í staðinn. Lögreglan er afar óvinsæl í Egyptalandi en herinn nýtur aftur á móti virðingar og vinsælda.

Hermennirnir hafa fjölmennt á staðinn með alvæpni og skriðdreka en látið mótmælendur að mestu afskiptalausa, jafnvel tekið þátt í bænahaldi með mótmælendum og sést hefur til mótmælenda stíga upp á skriðdreka til að ávarpa mannfjöldann, greinilega í góðri sátt við herinn.

Lögreglan birtist hins vegar aftur síðdegis í gær í hundraðatali og vinnur með hernum að því að halda mótmælunum í skefjum.

Friðarverðlaunahafinn

„Þið eruð eigendur þessarar byltingar," sagði Mohammed ElBaradei, friðarverðlaunahafi Nóbels og fyrrverandi yfirmaður kjarnorkueftirlits Sameinuðu þjóðanna, þegar hann ávarpaði mannfjöldann síðdegis í gær.

„Meginkrafa okkar er brotthvarf stjórnarinnar og upphaf nýs Egyptalands þar sem hver Egypti lifir í dyggð, frelsi og með reisn."

Óútreiknanleiki

Mannfjöldinn krefst afsagnar Hosni Mubarak forseta, sem haft hefur nánast alræðisvöld í landinu síðustu þrjátíu árin. Óvinsældir hans hafa vaxið jafnt og þétt, ekki síst þegar ljóst þótti verða að hann hafi ætlað syni sínum Gamal að taka við af sér.

Fimmta kjörtímabil Mubaraks rennur út á þessu ári en mótmælin hafa gert það að verkum að hann mun varla reyna úr þessu að bjóða sig fram til næstu sex ára í viðbót, hvað þá að reyna að koma syni sínum að.

Ekkert hefur heyrst í Mubarak og ekkert er vitað um áform hans. Krafturinn í mótmælunum er hins vegar slíkur að segi hann ekki af sér fljótlega má búast við hverju sem er. Ekki er víst að hernum takist að hafa stjórn á því sem gerist, jafnvel þótt hann reyni að taka völdin.



MOHAMMED ELBARADEI Einn leiðtoga stjórnarandstöðunnar ávarpar mannfjöldann. NORDICPHOTOS/AFP

OMAR SULEIMAN

Arftaki fundinn?

Mubarak hefur hins vegar nú þegar brugðist við með því að skipta um ríkisstjórn og gera Omar Suleiman, yfirmann leyniþjónustunnar og náinn samstarfsmann sinn, að varaforseta. Frá því að Mubarak tók við völdum fyrir nærri þrjátíu árum hefur hann ekki talið þörf á því að hafa neinn varaforseta.

Segi Mubarak af sér myndi því Suleiman taka við fram að kosningum, sem halda á næsta haust þegar sex ára kjörtímabil forsetans rennur út. Suleiman væri þar með kominn í lykilstöðu, þannig að jafnvel þótt hann ætlaði sér ekki sjálfur að taka við af Mubarak þá myndi hann að minnsta kosti ráða miklu um það hver yrði fyrir valinu.

Herinn verði í lykilhlutverki

Suleiman er fyrrverandi herforingi og Ahmed Shafik, sem Mubarak gerði að forsætisráðherra nýju stjórnarinnar, er einnig herforingi.

Mubarak virðist því, á bak við tjöldin, vera að tryggja að herinn verði áfram í lykilhlutverki hvort sem hann sjálfur neyðist til að segja af sér eða ekki.

Hinn möguleikinn er sá að herinn sé byrjaður að taka fram fyrir hendurnar á Mubarak.

Fylgst með

Íbúar og stjórnvöld í nágrannaríkjunum fylgjast grannt með þróun mála í Egyptalandi, því hvað svo sem verður ofan á þar mun hafa mikil áhrif á það sem gerist í nágrannalöndunum.

Stjórnvöld í Evrópuríkjum og Bandaríkjunum fylgjast einnig með framvindunni. Bandaríkjastjórn hefur haft nokkur afskipti og hvetur Mubarak til að tryggja að stjórnarskiptin fari friðsamlega fram.

„Þetta snýst ekki um það hver heldur völdunum," sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. „Þetta snýst um það hvernig við ætlum að bregðast við réttmætum þörfum og áhyggjuefnum egypsku þjóðarinnar."

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

Ísrael og Gaza

Margir óttast að fall Mubaraks geri endanlega út af við friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna, sem reyndar hafa varla ræðst við árum saman nema stopult og með afar litlum árangri. Egyptaland er annað tveggja arabaríkja sem samið hafa um frið við Ísrael. Stjórn Mubaraks hefur tekið þátt í því með Ísraelsstjórn að einangra Gaza-svæðið. Hamas-samtökin, sem fara með stjórnina á Gaza, eru hins vegar í nánum tengslum við Bræðralag múslima, stærstu stjórnarandstöðusamtök Egyptalands, sem nú taka þátt í mótmælunum gegn Mubarak. Íbúar á Gaza gera sér því vonir um að brotthvarf Mubaraks boði betri tíð fyrir þá.

Ættarveldum ógnað

Víða í arabaríkjum tíðkast hálfgert alræðisfyrirkomulag sem að auki virðist vera vísir að ættarveldum.

Í Túnis er Zein al-Abidine Ben Ali, forsetinn sem hrökklaðist frá völdum í janúar fyrstur arabaleiðtoga í þessari hrinu óeirða, talinn hafa ætlað eiginkonu sinni, Leila Trabelsi, að taka við af sér þegar fram liðu tímar.

Í Egyptalandi, þar sem spjótin berast nú að Hosni Mubarak forseta, er talið að hann hafi gert sér vonir um að Gamal, sonur sinn, yrði arftaki sinn.

Svipuð staða er uppi víðar í arabaríkjum. Þannig virðist Moammar Gaddafi Líbíuforseti vera að búa son sinn, Saif al-Islam, undir leiðtogahlutverk í framtíðinni.

Í Jemen, þar sem öflug mótmæli hafa verið gegn Ali Abdullah Saleh, er talið að hann hafi ætlað syni sínum, Ahmed, arftakahlutverk.

Arftakaskipti af þessu tagi hafa þegar átt sér stað í Sýrlandi, þar sem Bashar al-Assad tók við af föður sínum Hafez al-Assad árið 2000.

Allir þessir leiðtogar óttast nú um stöðu sína í kjölfar mótmælaöldunnar sem hófst í Túnis og hefur nú einnig skollið á í Egyptalandi og Jemen.

STJÓRNARANDSTAÐAN

UNGMENNAHREYFINGIN 6. APRÍL

- Egypskur Fésbókarhópur, stofnaður 2008 til stuðnings iðnverkamönnum sem skipulögðu verkföll 6. apríl það ár.
- Meðlimir hópsins, sem margir eru vel menntaðir ungir Egyptar, notfæra sér félagsvefi óspart til að skipuleggja atburði.
- Kröfur um afsögn innanríkisráðherra, neyðarlög og hækkun lágmarkslauna.

BRÆÐRALAG MÚSLIMA

- Samtök íslamista, sem Mohammed Badie stjórnar. Þetta er stærsti og best skipulagði stjórnarandstöðuhópurinn þrátt fyrir að vera bannaður.
- Hafði 20 prósent þingmanna á síðasta þingi en missti fylgið í síðustu kosningum.
- Samtökin sinna jöfnum höndum að stjórnmálastarfi og líknarstarfi, afneita ofbeldi og vilja að landinu sé stjórnað samkvæmt íslömskum lögum.

ÞJÓÐARSAMTÖK Í ÞÁGU BREYTINGA

- Regnhlífarsamtök sem berjast fyrir lýðræði og gegn spillingu, stofnuð á síðasta ári af Mohamed ElBaradei, friðarverðlaunahafa Nóbels og fyrrverandi yfirmanni kjarnorkueftirlits Sameinuðu þjóðanna.
- Meðlimir eru bæði úr röðum frjálslyndra og íslamista.
- Krefjast þess að Mubarak segi af sér, þingið verði leyst upp í kjölfar umdeildra kosninga á síðasta ári, og mynduð verði bráðabirgðastjórn.

WAFD-FLOKKURINN

- Frjálslyndur flokkur sem Al-Sayed al-Badawi stjórnar. Var næststærsti stjórnarandstöðuflokkurinn á síðasta þingi en sniðgekk síðustu kosningar vegna gruns um kosningasvindl.

AL GHAD-FLOKKURINN

- Frjálslyndur flokkur sem Ayman Nour stjórnar. Hann er þekktur andófsmaður sem var settur í fangelsi eftir að hann bauð sig fram gegn Mubarak árið 2005.

MYNDIR: GETTY IMAGES, AP © GRAPHIC NEWS

40% AFSLÁTTUR

Verð nú **8.990** AFSLÁTTUR 40%

Örbylgjuofn 20 lítra 700W
Áður 14.990

Kæliskápur með frystihólfi
Áður 49.900

Verð nú **29.900** AFSLÁTTUR 40%

Verð nú **7.490** AFSLÁTTUR 50%

Ryksuga 1800W
Áður 14.990

50% AFSLÁTTUR

Hraðsuðukanna 1,7 ltr 2000W
Áður 4.990

Verð nú **2.490** AFSLÁTTUR 50%

Verð nú **1.245** AFSLÁTTUR 50%

Salt-/piparkvörn
Áður 2.490

Safapressa
Áður 9.990

Verð nú **4.990** AFSLÁTTUR 50%

Verð nú **2.390** AFSLÁTTUR 60%

Hárblásari 1200W
Áður 2.490

Baðvog digital gler þunn með skjá
Áður 5.990

Verð nú **999** AFSLÁTTUR 60%

Verð nú **1.999** AFSLÁTTUR 60%

Sléttujárn með keramik
Áður 4.990

60% AFSLÁTTUR

Brauðrist hvít
Áður 3.990

Verð nú **1.590** AFSLÁTTUR 60%

Verð nú **1.499** AFSLÁTTUR 70%

Hitapúði
Áður 4.990

Verð nú **450** AFSLÁTTUR 70%

Panna 20 cm
Áður 2.990

Verð nú **899** AFSLÁTTUR 70%

Nefháraklippur
Áður 1.490

Parkethaus passar á allar ryksugur
Áður 2.990

Verð nú **899** AFSLÁTTUR 70%

70% AFSLÁTTUR

2,00 m

29%

Verð nú **99.900** ÞÚ SPARAR 40.000

ZANUSSI

ZRB-940PW Kæli- og frystiskápur
- Kælir 285 lítrar og frystir 92 lítrar
- Orkuflokkur A+
- HxBxD: 200x59,5x60 cm
- Verð áður kr **139.900**

1,75 m

Verð nú **99.900** ÞÚ SPARAR 40.000

exquisit

KS-420 Kæliskápur
- Kælir 345 lítra
- Orkuflokkur A+
- HxBxD: 175x59,5x60 cm
- Verð áður kr **139.900**

ENN MEIRI AFSLÁTTUR*

ÚTSALA

LOKAÚTKALL

Glerkanna

Electrolux

ESB-4400 Powermix Silent blandari
Byltingarkenndur ofurhljóðlátur blandari frá Electrolux.
- Kraftmikill **600W mótor**
- Sérhönnuð blöð til að mala ís og frystivörur
- Þríhyrningslöguð **glerkanna** - blandar betur
- **Hljóðlátasti** blandari á markaðinum
- 6 hraðastillingar + flýtihraðainngjöf
- Verð áður kr **21.990**

Powermix SILENT
The quietest blender ever by Electrolux

Verð nú **14.990** ÞÚ SPARAR 7.000

8 KG

1400 SN

3xA

Toppmódel
Þvottavog

Verð nú **159.900** ÞÚ SPARAR 30.000

exquisit

GSB-5BSO Borðuppþvottavél
- Lítil og nett borðuppþvottavél
- Tekur borðbúnað fyrir 4
- HxBxD: 44x57x50 cm
- 4 þvottakerfi
- Verð áður kr **59.900**

Verð nú **39.900** ÞÚ SPARAR 20.000

AEG

LN-89480A3 Þvottavél
Toppmódel frá AEG **með þvottavog**, kolalausum mótor og **8 kílóa hleðslugetu**.
- **LCD upplýsingaskjár**, snertitakkar og valrofi
- Mörg **sérkerfi** s.s. Üll Plus, teppakerfi og Super Eco og sérstök blettameðhöndlun
- **Hraðval** og tímaaðlögun
- **Kolalaus Silence interval mótor**
- **Þvottavog** - sýnir þyngd þvottar og ráðleggur magn þvottaefnis
- **Innbyggð tromlulýsing**
- **1400 snúninga** vinduhraði með A toppeinkunn
- Fast Wet þvottatækni sem úðar vatni yfir þvottinn
- 30 cm stórt hurðarop
- Áfangaþeytivinda - minna slit á þvotti og vél
- **A++/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- Ótrúlega **hljóðlát** - aðeins 49 dB í þvotti
- Framstillt ræsing möguleg
- 8 kílóa hleðslugeta - hægt að þvo teppi og sængur
- Auðveld í notkun
- Verð áður kr. 189.900



Spanhellur

Verð nú **79.900** ÞÚ SPARAR 40.000

appliance

AKK-60IND Spanhelluborð
- Spanhelluborð með 4 hellum
- Snertitakkar
- Verð áður kr **119.900**

appliance

AIO-859Inox Ofn
- Fjölkerfa blástursofn
- Undir- og yfirhiti ásamt grill
- Klukka
- Burstað stál
- Verð áður kr **84.900**

Verð nú **49.900** ÞÚ SPARAR 35.000

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16
*Ekki af öllum vörum

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Sérsniðin þjónusta við konur á leið úr vændi:

Eitt framfaraskref í viðbót

Stígamót undirbúa nú opnun athvarfs fyrir konur á leið út úr vændi eða mansali. Þessum hópi hefur hingað til að mestu verið sinnt af Stígamótum sem þó hefur ekki veitt þjónustu allan sólarhringinn þannig að húsaskjól hefur ekki staðið þessum hópi til boða. Að auki hefur fórnarlömbum mansals verið sinnt í Kvennaathvarfinu sem er opið allan sólarhringinn.

Þörfin fyrir sérhæft athvarf fyrir konur á leið úr vændi og mansali er rík. Síðustu misseri hafa slík mál verið sýnilegri almenningi en áður vegna þeirra mansalsmála sem upp hafa komið og hafa fengið talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Vandinn er þó mun stærri en umfang þeirra mála því árlega hafa nokkrir tugir kvenna sótt viðtöl hjá Stígamótum vegna reynslu af vændi eða innan klámiðnaðarins.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Opnun sérstaks athvarfs fyrir þennan hóp er umbylting í þjónustunni við hann vegna þess að þessum hópi hefur ekki fyrr staðið til boða úrræði sem er sérsniðin að þeirra reynslu. Að auki er svo hægt að bjóða þeim sem það þurfa búsetu við öruggar aðstæður meðan þær eru að feta sig út úr leyndarheimi vændisins og vinna úr reynslu sinni.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, lýsti í viðtali í helgarútgáfu DV hvernig vændið væri yfirleitt algerlega falinn hluti lífs þeirra kvenna sem það stunda, að enginn viti um það nema vændiskaupandinn, sá sem gerir þær út og svo Stígamótakonur ef þær leita sér hjálpar hjá þeim. Guðrún sagði þær konur sem til Stígamóta leita til að komast út úr vændi vera fullar af sjálfsfyrirlitningu og að flestar eigi það sameiginlegt að eiga reynslu af kynferðislegu ofbeldi áður en þær urðu vændiskonur. Þetta séu því konur sem þurfi langan tíma til að vinna úr reynslu sinni.

Klisjan um að konur hafi valið að starfa á þessum vettvangi, eða í þessari elstu atvinnugrein í heimi, er grófleg einföldun og stenst ekki skoðun samanber orð Guðrúnar um að konur sem hafa stundað vændi eru yfirleitt áður þolendur annars konar kynferðislegs ofbeldis. Klisjan um hamingjusömu hóruna er þó alverst því þvert á móti er iðulega um að ræða konur með brotna sjálfsmynd á mörgum sviðum.

Þeim sem halda fast í þessar klisjur er hollt að spyrja sig þeirrar spurningar hvort þeir óski dóttur sinni, systur eða móður að hafa viðurværi sitt af vændi. Þeir eru líklega fáir sem treysta sér til að svara þeirri spurningu játandi, eða þá hinni hvort þeir álíti að dóttir þeirra, systir eða móðir myndi velja sér það hlutskipti að vera vændiskona. Ef svo er ekki hvers vegna skyldum við þá ætla að aðrar konur óski eftir að vera í þessum sporum?

Opnun athvarfs sem býður sérsniðna þjónustu fyrir vændiskonur og fórnarlömb mansals verður mikið framfaraspor og enn eitt af mögnuðum sporum íslenskra kvennahreyfinga. Líklegt er að það verði til þess að þeim fjölgi sem hafa hugrekki til að leita út úr ofbeldinu og inn í sjálfstætt líf sem þolir dagsins ljós og hægt er að lifa með reisn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

OK dog & cat
Einstök gæði og gott verð fyrir gæludýrið og þig

OK - Ódýrt gæðafóður fyrir alla hunda og ketti
Hágæða hráefni - Ljúfengt bragð - Fallegur feldur - Betri heilsa

OK fæst í betri gæludýraverslunum:
Garðheimar Reykjavík - Dýraríkið Miðhrauni - Gæludýr Korputorgi
Hundaheimur Mofellsbæ - Petmax Skútuvogi 11a (á móti Húsasmiðjunni)
og Petmax.is frí heimsending um allt land.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Líkt
Fyrir jól sendi Bragi Ólafsson frá sér skáldsöguna „Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson." Í síðustu viku sendi Ögmundur Jónasson frá sér plagg sem ætla mætti að væri sjálfstætt framhald bókar Braga. Það heitir „Greinargerð innanríkisráðherra um aðkomu og ákvarðanir dómsmálaráðuneytisins í kosningunni til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010 með tilliti til athugasemda Hæstaréttar í ákvörðun réttarins frá 25. janúar 2011 um að kosningin væri ógild."

Klisja
Ein af útjöskuðu klisjunum sem stjórnmálamenn og margir fleiri grípa til í þjóðmálaumræðunni er að segja að hinn eða þessi eigi eða hljóti að íhuga stöðu sína. Einu sinni sögðu menn bara hreint út að viðkomandi ætti að segja af sér embætti. Gott væri ef fólk sem er þeirrar skoðunar að annað fólk eigi að segja af sér og vill segja það noti til þess eðlileg orð.

Sérstakt
Frumvarp Árna Johnsen og Sigmundar Ernis Rúnarssonar um að veita norsk-rússneskum rithöfundi íslenskan ríkisborgararétt að honum forspurðum fer líklega í sögubækurnar sem eitt hið einkennilegasta í tæplega ellefu hundruð ára sögu Alþingis. Innan þingsins og í stjórnkerfinu eru menn gapandi yfir hugmyndaflugi þeirra félaganna sem líklega fá reistar af sér styttur einhvers staðar ef frumvarpið verður að lögum.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR

Endalok karlaveldisins

Freyr Eyjólfsson
útvarpsmaður

Frægt og umdeilt verk myndlistarmannsins Ragnars Kjartanssonar, Endalokin, á Feneyjatvíæringnum 2009 vakti mikið umtal á sínum tíma bæði varðandi kostnað og almennan fíflaskap í listum. Margir virtust misskilja hvað listamaðurinn var beinlínis að fara í þessu verki; þarna voru tveir karlmenn að dunda sér við bjórdrykkju og listmálun en með þessu verki var verið að boða endalok karlaveldisins. Karlar í kreppu eftir kreppu.

Heimur karlmanna er nefnilega að breytast. Og það hratt. Á síðasta ári gerðist það í fyrsta skipti í sögu Bandaríkjanna að konur urðu fleiri á vinnumarkaði en karlar. Fleiri konur útskrifast úr háskólum og sífellt fleiri setjast í forstjórastóla þar í landi. Sama þróun virðist eiga sér stað á Íslandi og víða annars staðar á Vesturlöndum. Í kreppunni hér hafa aðallega karlar misst vinnuna og svo virðist sem hið tæknivædda nútímasamfélag kalli frekar á konur en karla til starfa. Bandarískar rannsóknir sýna að þegar fólk getur valið kyn í glasafrjóvgunum velur það frekar stúlkur en stráka; þær hafi nefnilega betri möguleika í lífinu. Þegar fólk er spurt vill það frekar eignast stelpu en strák. Strákar eru líklegri til vandræða og að feta glæpabrautina, lenda í umferðarslysum, eiga við vímuefnavandamál að stríða og svo framvegis. Karlar eru í mikilli krísu.

Karlmenn hafa verið ráðandi kyn í heiminum. Þeir hafa stjórnað með harðri hendi, oft með ofbeldi, eins og aðrir apafrændur þeirra. Það hefur hins vegar gerst mjög hratt á síðustu áratugum að hlutur kvenna hefur farið vaxandi sem virðist hafa mjög öflug hagræn áhrif í för með sér. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur mælt bein hagræn áhrif jafnréttis. Þar sem konur hafa sömu réttindi og karlar er meiri hagsæld og meiri auður. Jafnrétti virðist borga sig sama hvað menn halda. Sumir halda því jafnvel fram að kvenræði eða kvennaveldi sé hagstæðasta fyrirkomulagið.

Fyrirtæki og stofnanir hafa í auknum mæli ráðið konur sem yfirmenn. Þar hafa karllæg gildi vikið fyrir kvenlægum. Það voru útrunnin karlmennskusjónarmið og testósterónæði sem keyrðu banka og fjármálafyrirtæki í þrot. Eftir standa fyrirtæki sem þurfa að temja sér önnur gildi og sum hafa þegar gert það. Viðskiptalífið, vinnumarkaðurinn og veröldin – allt breytist þetta núna hratt. Og stórtækasta breytingin virðist vera þessi: Ofurvald karlmanna er að líða undir lok.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

„Lágt muldur þrumunnar“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Þegar almennar kosningar eru dæmdar ógildar af sjálfum Hæstarétti landsins jafngildir það yfirlýsingu um að viðkomandi þjóð sé fákunnandi um lýðræði.

Það er reiðarslag fyrir stjórnvöld. Einkum innanríkisráðherra sem ber ábyrgð á framkvæmdinni – og ætti vissulega að „hugleiða stöðu sína“ – og forsætisráðherra en ekki síður stjórnkerfið, alla lögfræðingana í ráðuneytunum sem áttuðu sig ekki á því sem lögspekingar sjálfstæðismanna föttuðu eins og skot en þögðu um þar til á réttu augnabliki: hvað það táknaði að láta þessar kosningar fara fram samkvæmt lögum um alþingiskosningar. Þetta er líka sérlega auðmýkjandi fyrir þjóðina – og ekki mátti hún nú við miklu eftir allt sem á undan er gegnið.

„Hugleiða stöðu sína“

Þegar þetta er skrifað er landskjörstjórnin búin að segja af sér, sem var nú eiginlega lágmark, og margir sagðir „hugleiða stöðu sína“.

Skítt með milljarðana sem fóru í súginn, skítt með skringilegt orðspor þjóðarinnar í kjölfar svona dóms: hitt er verra að svona atburðir verða til þess að æ fleiri einstaklingar taka að „hugleiða stöðu sína“ sem Íslendingar yfirleitt: taka að hugleiða alvarlega hvort þeir ættu ekki bara að segja af sér sem Íslendingar. Stemningin í samfélaginu þyngist. Og þetta litla og viðkvæma samfélag má illa við því að missa úr landi gott fólk – og alveg kannski sérstaklega praktíska og vinnusama fólkið sem þolir illa svona þrálátan dellugang.

Draumurinn snerist um „Nýja Ísland“. Hann var sá að hætta þessu sjúski, hætta að gera allt svona illa, óheilindunum, vera hreinlynd, segja satt, hreinsa til. Gera hlutina rétt. Flokkakerfið hefði brugðist og nú þyrftu landsmenn að kjósa fulltrúa sína beint til að ljúka því verkefni sem stjórnmálamennirnir hefðu hummað fram af sér frá lýðveldisstofnun: að setja þessu samfélagi traustan grundvöll sem annað yrði reist á og tryggði að ofríkismenn færu ekki sínu fram með útúrsnúningum á stjórnarskránni, eins og dæmin sanna því allir vita að útgerðarmenn hafa komist upp með að hafa að engu ákvæði í stjórnarskránni um sameign þjóðarinnar á fiskimiðum kringum landið og búið til lénsveldi úr veiðireynslu og veðsett síðan þá „eign“ eitthvað lengst inn í þýska bankakerfið sem „á“ því óveiddan fiskinn okkar núna; og full ástæða til að óttast að annarra auðlinda okkar bíði hið sama fái sömu menn ráðið og landið allt verði magmað upp.

Draumurinn snerist um nýja sjálfsmynd. Áreiðanleika. Dugnað. Hæfni. Þau Ögmundur og Jóhanna geta látið dæluna ganga um LÍÚ og kveinkað sér undan dómi Hæstaréttar, en það breytir því ekki að draumurinn um nýja sjálfsmynd gufaði upp við þegar dómurinn féll.

„Ver ég þér lagalýriti, efalausu lýriti …“

Enginn heyrði lágt muldur þrumunnar fyrr en hún kom úr heiðskíru lofti. Þetta var vel undirbúin og vel útfærð aðgerð og ætti að minna okkur á að óvinurinn er útsmoginn. Hér hafa lagameistarar vélað um. Aftur erum við lent í Íslandssögunni – þessari endalausu lagarefjasögu. Það er engu líkara en að við séum á ný komin í Njálu og Mörður Valgarðsson að leggja á ráðin um það hvernig megi ónýta mál, ryðja dóminn, lýsa lýriti, eins og Skafti Harðarson endaði á því að gera, en lýritur þýðir bann við tilteknum lögfræðilegum athöfnum, eins og raunin varð einmitt með stjórnlagaþingið.

Það er erfitt að leggja trúnað á að Hæstiréttur sé handbendi LÍÚ í þessu máli eða bera brigður á úrskurð sex manna dóms. Það breytir ekki hinu: Orrustan geysar. Það er orrustan um Ísland og hún snýst um það hvernig samfélag verður hér í náinni framtíð, lífskjör barnanna okkar og barnabarnanna: auðræði eða lýðræði, lögræði eða þingræði, sameign auðlinda eða láta þær hverfa inn í vafningum og veðsetningum. Orrustan geysar og hún snýst um það hvort menn á borð við Hannes Smárason sem kærir nú allt og alla en aðallega þó sjálfan sig kollóttan – hvort slíkir gjálífismenn fá auðlindir landsins að leggja undir í spilavítum heimsins af fullkominni léttúð. Orrustan geysar og það munar um alla. Vinstri menn eru kannski með alla bestu söngvarana en hægri menn eru greinilega með bestu lögfræðingana. Og þjóðin öll verður „að hugleiða stöðu sína“. Ætli hún sér að lifa einhvern tímann í þessu landi í þjóðfélagi sem er ekki snargalið af græðgi, bóluvexti og oflæti á borð við tímann upp úr aldamótum þá verður hún að taka þátt í því að treysta undirstöðurnar. Vera með. Þótt staðan í hálfleik sé kannski Sjálfstæðisflokkurinn: 20 – Þjóðin: 17.

AF NETINU

Kjósa aftur, það er win-win mál

Er þetta ekki mjög einfalt mál með stjórnlagaþingið? Ef kosningar eru dæmdar ógildar þá er kosið aftur. Ég sé ekki að það sé mikið vandamál í þessu tilviki frekar en þegar það hefur gerst í sveitarstjórnarkosningum til dæmis.

gpetur.blogspot.com

G. Pétur Matthíasson

Unnur afsagnarglaða

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfgræðisflokks, vill að forsætis- og innanríkisráðherra „segi af sér og biðji þjóðina afsökunar í stað þess að gera lítið úr þeim atriðum sem Hæstiréttur setti út á“.

Fyrir stjórnmálaflokk sem búinn er að leggja þjóðina í rúst (eftir að hafa arðrænt hana skipulega frá lýðveldisstofnun) finnst manni að meðlimirnir ættu fremur að sameinast í skömm og þagnarbindindi næstu árin heldur en að vera að þessu eilífa ands… væli um afsagnir í hvert einasta sinn sem rekið er við í þessari ríkisstjórn. Djís, þetta er eins og að þurfa að hlusta á Bernie Madoff hneykslast yfir tjóni af völdum vasaþjófa.

blog.eyjan.is/iris

Íris Erlingsdóttir

Merkingarlaus stjórnarskrá

Stjórnarskráin

Sigurður Líndal
lögfræðingur

Ég veit það að íhaldið er órólegt af því þeir vilja ekki stjórnlagaþing. Þeir eru skíthræddir um það að þá komi inn ákvæði sem þjóðin hefur lengi kallað eftir og barist fyrir. Það er að auðlindirnar verði þjóðareign.“

Þannig birtust meðal annars viðbrögð Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra eftir ályktun Hæstaréttar um að kosningar til fyrirhugaðs stjórnlagaþings væru ógildar.

Þessi orð „auðlindirnar verði þjóðareign“ og önnur áþekk eru ein helztu tízkuorð stjórnmálaumræðunnar nú um stundir og er þar einkum átt við jarðhita, vatnsafl og nytjastofna á Íslandsmiðum. En um hvað er verið að tala; hvað merkir þetta orð: „þjóðareign“? – Nú eru lendur og lóðir margar í einkaeign, einnig eru víðlend svæði eign ríkis og sveitarfélaga. Auðlindir sem þar er að finna eru eign eigandans, hvort heldur einkaaðila, ríkis eða sveitarfélags. Með veiðireynslu öfluðu menn sér upphaflega veiðiréttinda með námi eða töku á eigendalausum verðmætum – fiski – sem síðar voru nánar afmörkuð með lögum þegar nauðsynlegar reyndist að takmarka sókn í nytjastofnana. Þessi réttindi njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar a.m.k. sem atvinnuréttindi, jafnvel bein eignarréttindi að sumra mati. Þessu hefur aldrei verið andmælt með lagalegum rökum. Orðið þjóðareign í þessu samhengi er þannig merkingarlaust í lögfræðilegum skilningi. Ef nota á það í víðtækari merkingu – eins og Íslendingar „eigi“ landið, tunguna og fornbókmenntirnar – er það ónothæft í lagatextum og allri rökræðu.

Merkingarlaus orð eða margræð einkenna mjög alla stjórnmálaumræðu á Íslandi og hafa lengi gert. Í skjóli merkingarleysisins þrífst óstjórn og spilling bæði í stjórnmálum og atvinnulífi – ekki sízt í viðskiptum – og til hennar má rekja margvíslegan ófarnað. Stundum hefur verið látið að því liggja að hrunið 2008 megi rekja til stjórnarskrár lýðveldisins og því verði að setja nýja og með því megi byggja upp nýtt Ísland. Allt eru þetta draumórar sem dylja vandann.

Orsakir hrunsins eru margvíslegar, en enginn vafi er á að sú merkingarlausa orðræða sem einkennir stjórnmálaumræðuna á þar drjúgan þátt og henni að baki þrífist stjórnarhættir sem bjóða heim óvissu og aðhaldsleysi bæði í landstjórn og lagaframkvæmd.

Þegar hugað er að orðum forsætisráðherra um þjóðareign á auðlindunum sem virðist helzta baráttumál hennar, verður ekki annað ályktað en fella eigi hina merkingarlausu orðræðu stjórnmálanna inn í ákvæði stjórnarskrárinnar og síðan fylgi ámóta yfirlýsingar eftir. Með því er verið að veita þessari orðræðu sérstaka vernd, þannig að stjórnmálamenn, hvernig sem þeir eru þenkjandi, geti haldið henni áfram í skjóli stjórnarskrárinnar með þeim afleiðingum sem þegar hefur verið lýst.

Á þetta að vera til leiðsagnar við endurreisn Íslands?

Var rangt af mér að sleppa kanínu í Esjuhlíðum?

Náttúruvernd

Menja von Schmalensee
líffræðingur

Einn fallegan sumardag fyrir um það bil tuttugu og fimm árum veitti ég kanínunni minni, henni Mjallhvíti, frelsi við rætur Esjunnar. Mér þótti vænt um kanínuna en heimilisaðstæður höfðu breyst svo ég varð að losa mig við hana. Þetta virtist vera upplögð lausn þar sem enginn vildi taka við henni og aflífun kom ekki til greina í mínum huga. Þarna átti hún að geta notið lífsins í guðsgrænni náttúrunni. Ég vissi ekki betur. Ég var þrettán ára.

Í dag er ég margs vísari. Ég veit til dæmis að miklar breytingar hafa orðið á jörðinni okkar. Maðurinn hefur með athöfnum sínum valdið því að tegundir deyja nú út 100-10.000 sinnum hraðar en eðlilegt getur talist. Mögulega tapast þúsundir tegunda á heimsvísu á ári hverju en flestar þeirra eru okkur enn ókunnar. Alþjóðanáttúruverndarsamtökin (IUCN) hafa metið stöðu rúmlega 1,7 milljóna tegunda en af þeim voru 20% hryggdýra, 30% hryggleysingja, 68% plantna og 50% sveppa og þörunga í hættu árið 2010. Ef maðurinn heldur uppteknum hætti stefnum við hratt inn í eina af mestu útdauðahrinum jarðsögunnar. Ábyrgðin er okkar.

En hvernig tengist þetta kanínunni minni? Kanínur eru framandi tegund á Íslandi, þ.e. tegund sem maðurinn hefur flutt inn á svæði sem er utan hennar náttúrulega útbreiðslusvæðis. Þetta atriði eitt og sér væri kannski ekki í frásögur færandi fyrir utan þá staðreynd að samanlögð reynsla af hundruðum þúsunda framandi tegunda sem finna má á heimsvísu hefur sýnt að u.þ.b. 10% þeirra taka upp á því að verða ágengar, þ.e. valda umhverfislegu eða efnahagslegu tjóni. Umhverfislegt tjón getur til dæmis orðið þegar ágeng tegund á í samkeppni við þær tegundir sem fyrir eru, nýtir þær til fæðu eða veldur truflunum á náttúrulegum ferlum innan vistkerfa. Afleiðingarnar geta verið útrýming einnar eða fleiri tegunda eða veruleg fækkun í stofnum þeirra. Efnahagslegt tjón getur orðið vegna skemmda á uppskeru eða mannvirkjum, vegna sjúkdóma eða vegna neikvæðra áhrifa á nytjastofna.

Í dag eru ágengar lífverur álitnar vera meðal mestu ógna við náttúruleg vistkerfi. Með greiningum á válistum mismunandi landa, þ.e. listum yfir tegundir í hættu, hefur komið í ljós að verulegur hluti tegunda (allt að 80%) sé þar vegna áhrifa frá ágengum framandi lífverum. Árið 2002 var áætlað að árlegt fjárhagslegt tjón í þeim löndum þar sem slíkt hafði verið metið næmi meira en 1,4 billjónum dollara (165.000.000.000.000 ISK) eða 110-faldri vergri þjóðarframleiðslu Íslands árið 2009, og var þá ótalið fjárhagslegt tjón í löndum þar sem slíkar upplýsingar voru ekki fyrir hendi. Það er því ekki að ástæðulausu að fjöldi landa hefur innlimað í löggjöf sína ákvæði um varnir og aðgerðir gegn ágengum tegundum og varkárni við innflutning framandi lífvera.

> Þrátt fyrir að kanínur valdi ekki miklu tjóni á Íslandi í dag eru þær gott dæmi um hvernig framandi tegund sem virðist vera meinlaus, getur snúist upp í andhverfu sína.

Á Íslandi eru kanínur flokkaðar sem mögulega ágeng tegund. Erlendis hafa þær valdið gríðarlegu tjóni bæði í vistkerfum og landbúnaði, sérstaklega í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Þær eru álitnar vera meðal 100 verstu ágengu tegunda heims. Ef litið er til nágrannalanda okkar eru þær ágengar í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Til að svara spurningunni sem lagt var upp með: Já, það var rangt af mér að sleppa kanínu í Esjuhlíðum. Ég gerði mistök. Þótt ósennilegt sé að þessi tiltekna kanína hafi valdið miklu tjóni ein og sér, er ljóst að ef villtum kanínum fjölgar hér á landi gætu þær valdið tjóni á gróðri, í fuglavarpi (sbr. dæmi frá Vestmannaeyjum, þar sem kanínur tóku yfir lundaholur) og í landbúnaði. Þá er líklegt að stærri kanínustofn orsaki fjölgun refa og minka en minkur er ágeng framandi tegund á Íslandi. Þar fyrir utan drapst aumingja kanínan mín sennilega úr kulda eða hungri og hlaut því leiðinlegan dauðdaga.

Þrátt fyrir að kanínur valdi ekki miklu tjóni á Íslandi í dag eru þær gott dæmi um hvernig framandi tegund sem virðist vera meinlaus, getur snúist upp í andhverfu sína. Hafa ber í huga að þótt langflestar framandi tegundir hafi lítil áhrif á vistkerfi, leynast svartir sauðir inn á milli sem gera það að verkum að nauðsynlegt er að fara varlega í innflutning og dreifingu framandi tegunda. Af þessum ástæðum fagna ég því að nú stendur yfir endurskoðun íslenskrar löggjafar m.t.t. framandi lífvera, en tek fram að ég hef ekki horn í síðu framandi tegunda sem ekki verða ágengar, enda hýsi ég sjálf tugi þeirra í garðinum mínum og nýt títt útiveru í ræktuðum skógum. Ég væri hins vegar fljót að fjarlægja plöntu úr garði mínum, hversu falleg sem hún væri, ef í ljós kæmi að hún dreifði sér út í náttúruna og ylli þar skaða.

Ítarefni má finna í tveim greinum höfundar um framandi og ágengar tegundir í tölublöðum Náttúrufræðingsins, tímariti Hins íslenska náttúrufræðifélags, árgangi 2010.

Orðspor Íslands laskað vegna afturhaldssemi

Sjávarútvegur

Friðrik G. Halldórsson
talsmaður Samtaka dragnótamanna

Engum sem hefur minnstu þekkingu á veiðarfærinu dragnót dettur í hug að dragnótatóg, sem hefur sökkþunga upp á 250 g/m í sjó geti valdið tjóni á lífríkinu. Allra síst á sand- og leirbotni fyrir opnu hafi, þar sem mikils ölduróts gætir eins og í innanverðum Skagafirði. Þessu hefur þó verið haldið fram af einstaka frístundasjómönnum.

Árið 2008 lét þáverandi sjávarútvegsráðherra fara fram rannsókn á áhrifum veiðarfærisins á lífríkið í innanverðum Skagafirði til að fá þetta á hreint svo menn gætu lagt þessa 100 ára gömlu umræðu til hliðar. Svo fór að rannsóknin leiddi í ljós að dragnótin var með öllu meinlaus. Í skýrslu vísindamannanna sagði: „Þær niðurstöður sem fengust í þessari rannsókn benda ekki til að dragnótin hafi áhrif á botndýralíf í Skagafirði."

Þessi niðurstaða féll í grýttan jarðveg hjá Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra og samrýmdist illa þeirri stefnu sem hann aðhyllist. Kallaðir voru til þrír doktorar til þess að freista þess að tala rannsóknina niður. Allt kom fyrir ekki, en þeir gátu þó tekið undir það sem stóð í skýrslunni að frekari rannsóknir væru gagnlegar. Einn doktoranna, Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, sker sig þó frá hinum tveimur í áliti sínu. Álit hans ber orðfæri stjórnmálamanns vitni fremur en vísindamanns. Í niðurlagi álitsins segir: „Það vekur sérstaka athygli í skýrslunni hvað hlutdeild bolfisks er há í dragnótaveiðum þeim sem stundaðar hafa verið í Skagafirði. Árið 2008 voru t.d. veidd 48 tonn af þorski, 230 tonn af ýsu og 31 tonn af skarkola."

Pólitík á kostnað vistfræði

Af hverju það vekur undrun forstjóra Veiðimálastofnunar að hátt hlutfall bolfisks sé í afla dragnótabáta? Þetta ræðst að sjálfsögðu af þeim heimildum sem bátarnir hafa og af þeim fiski sem er á veiðislóð. Tilgangur dragnótaveiða er ekki eingöngu sá að veiða flatfisk. Dragnótin er afburða alhliða veiðarfæri og þar sem það er skilyrt að takmarkað hlutfall í afla skuli vera þorskur, svo sem eins og í Faxaflóa, er það ekki af vistfræðilegum forsendum heldur pólitískum og eru leifar af ákvörðunum sem voru teknar fyrir aflamarkskerfið. Í umræðunni gegn afturhaldinu er það oft notað að flatfiskurinn verði ekki nýttur nema með dragnót, það er allt annað en að ekkert eigi að veiða í dragnót nema flatfisk.

Í umsagnarferlinu um tillögur ráðherra um lokun svæða á sjó fjörðum fyrir norðanverðu landinu segir forstjóri Veiðimálstofnunar: „Ljóst er að á umræddum svæðum er aðalafli í dragnót bolfiskur en einungis um 6-24% er flatfiskur. Annan afla en flatfisk má veiða með öðrum aðferðum. Veiðimálastofnun finnst almennt séð þessar tillögur ráðuneytisins skynsamlegar og í anda þeirrar stefnu sem nú er að ryðja sér til rúms að stuðla sem mest að vistvænum veiðum."

Undarlegar tillögur forstjórans

Af hverju í ósköpunum er forstjóri Veiðimálastofnunar að leggja til að veiðum á vannýttum flatfiski sé hætt af því að þorsk og ýsu má veiða í annað veiðarfæri en dragnót. Hvaðan hefur forstjórinn þær skilgreiningar að lína sé umhverfisvænni en dragnót? Hefur farið fram fagleg úttekt á því? Ég hef bara séð þessa skilgreiningu hjá Landssambandi smábátaeigenda. Forstjóri Veiðimálastofnunar nefnir að það megi veiða bolfiskinn í önnur veiðarfæri. Það er lítið veitt í net á þessu svæði og netafiskur er ekki jafn gott hráefni og línu- eða dragnótafiskur. Sá galli er hins vegar á línunni að hún var ábyrg fyrir 80% skyndilokana vegna smáfiskadráps árið 2009. Yfirlit yfir skyndilokanir fyrir 2010 er enn frekari rökstuðningur fyrir dragnótaveiðum. Engin lokun árið 2010 var vegna dragnótar á þeim svæðum sem nú er búið að loka fyrir dragnót. Hins vegar eru margar vegna veiða á línu.

> Fullkomlega órökstudd skoðun forstjóra Veiðimálastofnunar í þessu máli getur ekki samrýmst markmiðum stofnunarinnar um fagmennsku.

Forstjóri Veiðimálastofnunar nefnir að vistvænni veiðar séu að ryðja sér til rúms. Andúð hans í garð dragnótar skýtur því skökku við. Í baráttu fyrir vistvænum veiðum hefur sérstaklega verið horft til dragnótar, þar sem hún skilar afbragðs háefni, olíukostnaður er lítill og notkun hennar umfram allt umhverfisvæn. Þessi sjónarmið njóta viðurkenningar víða um heim. Hingað hafa verið að koma hópar erlendis frá til að kynna sér vistvænar strandveiðar með dragnót en þeim hefur því miður fækkað eftir að umræðan á Íslandi fór í gang um að takmarka skuli veiðar með dragnót í verndunarskyni.

Laskað orðspor vegna afturhalds

Þessi afturhaldssama afstaða núverandi ráðamanna hefur alvarlega laskað orðspor Íslendinga sem upplýstrar fiskveiðiþjóðar á alþjóðavettvangi. Fullkomlega órökstudd skoðun forstjóra Veiðimálastofnunar í þessu máli getur ekki samrýmst markmiðum stofnunarinnar um fagmennsku. Með skoðun sinni skipar forstjórinn hins vegar í flokk með sjávarútvegsráðherra, sem skeytir hvorki um fagmennsku, vísindalega ráðgjöf né lagabókstaf þegar kemur að því að taka ákvarðanir.

Við bíðum eftir góðum fréttum

Suðurnes

Hannes Friðriksson
innanhússarkitekt

Nýtt Ísland, nýir tímar eru slagorð sem við höfum mikið heyrt notuð undanfarið. Vonir okkar eru bundnar við að breytingar í kjölfar hrunsins. Að landið taki nú brátt að rísa og margt verði hér eins og áður. Við stöndum frammi fyrir áður óþekktum vanda og leitum lausna á honum um leið og við gerum okkur grein fyrir að það geti tekið langan tíma að leysa þann vanda er við blasir.

Langtíma fjöldaatvinnuleysi er nýtt vandamál sem okkar kynslóð hefur sem betur fer ekki fengið að kynnast fyrr . Um leið er okkur ljóst að þær aðferðir sem við hingað til höfum beitt duga skammt í þeirri baráttu sem nú er háð. Tekist er á um hverjir skuli fara með stjórn virkniúrræða, ríkið eða vinnumarkaðurinn.

Fyrir bæði íbúa og fyrirtæki á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysið er orðið að böli er þetta óviðunandi ástand. Vonir eru bundnar við framgang stóratvinnuverkefna um leið og rekstrargundvöllur smærri og meðalstórra fyrirtækja á svæðinu verður stöðugt erfiðari.

Atvinnuleysi fjölda manns er þjóðfélaginu dýrt. Allir þurfa að greiða fyrir það. Fyrirtækin, ríkið, sveitarfélögin og síðast en ekki síst þeir sem atvinnulausir eru og sjá fá úrræði eins og nú er. Mikil hætta er á að fjöldi fólks lendi í svonefndri fátækragildru með tilheyrandi heilsufarsvandamálum við núverandi aðstæður, verði ekkert að gert.

Flestir eru sammála um að nýsköpun og menntun séu mikilvægur þáttur í lausn vandans. Um leið er okkur einnig ljóst að nauðsynlegt er að renna frekari stoðum undir þau fyrirtæki sem sökum smæðar og aðstæðna eiga æ erfiðara með að þróa og viðhalda starfsemi sinni til framtíðar.

Okkur ber að nýta þær bjargir sem fyrir hendi eru, og bæta það sem betur má fara, um leið og við skjótum styrkum stoðum undir atvinnulífið til framtíðar. Sérstaklega ber okkur að hafa þetta í huga þegar flest rök hníga í þá átt að nýsköpunin reynist að auki þjóðhagslega hagkvæm. Slík nýsköpun gæti til að mynda verið flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja.

Styrkur Suðurnesja liggur í legu þeirra. Hér er aðal alþjóðaflugvöllur landsins um leið og stutt er fiskimiðin. Suðurnesin eru hluti af atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins.

Á nýlegum fundi ríkistjórnarinnar í Reykjanesbæ var samþykkt aðgerðaráætlun þar sem innanríkisráðherra var meðal annars falið það verkefni að skoða kosti þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar sem nú hefur yfirtekið verkefni Varnarmálastofnunar, til Suðurnesja. Góður húsakostur Varnarmálastofnunar er enn til staðar á öryggisvæði Keflavíkurflugvallar um leið og ljóst er að hafnaraðstaða er næg í bæði Sandgerði og Reykjanesbæ.

Löngu er ljóst að tekið er að þrengja að starfsemi Landhelgisgæslunnar í Reykjavík , jafnframt sem bæði öryggis og rekstrarleg rök virðast mæla með flutningi nú. Starfsemi þjónustunnar yrði öll á einum stað. Byggðaröskin vega þar einnig þungt í ljósi þess atvinnuástands sem nú ríkir á Suðurnesjum í kjölfar hrunsins.

Flutningur gæslunnar hefur á undanförnum árum verið viðkvæmt mál, og margir sagt sem svo að með slíkum flutningi væri verið að svipta þá vinnunni er hjá gæslunni starfa . Slíkt á ekki við hér enda ljóst að sama vegalengd er í báðar áttir, og fjöldi manns af Reykjavíkursvæðinu stundar nú sína vinnu á Suðurnesjum vandræðalaust og öfugt. Hér er er eingöngu lagt til að starfstöðin verði flutt þangað sem tækjakostur , húsnæði , hafnir og frábær flugvöllur eru til staðar og eru kjörlendi slíkrar þjónustu. Slíkur flutningur myndi um leið auka fjölbreytni þeirrar atvinnustarfsemi sem hér er til framtíðar með tilheyrandi tækifærum. Slíkur flutningur gæti verið eitt af virkniúrræðum stjórnvalda nú.

Ákvörðun um flutning Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja nú væri því verðugt mótvægi við það ástand er hér ríkir, um leið og möguleikar til frekari uppbyggingar Landhelgisgæslunnar yrðu betri til framtíðar litið. Húsnæði og nægur starfskraftur með þekkingu og reynslu af þjónustu slíkrar starfsemi er fyrir hendi á Suðurnesjum. Slík ákvörðun nú yrði lyftistöng fyrir allt atvinnulíf á svæðinu og gæti verið fyrsta stóra skrefið út úr þeirri erfiðu stöðu er hér ríkir. Við bíðum eftir góðum fréttum.

AF NETINU

Fimmtán milljarða gjöf frá þjóðinni á hverju ári

Nú hefur LÍÚ tekið alla kjarasamninga í landinu í gíslingu til þess að knýja á um áframhaldandi forréttindi í formi úthlutunar veiðiheimilda gegn gjaldi sem er langt undir verðmæti þeirra. LÍÚ er þannig að hafa kjarabót upp á 50-100 m.kr. á dag af vinnandi fólki á Íslandi.

Þetta er enn eitt dæmið um skaðsemi núverandi fyrirkomulags í sjávarútvegsmálum með þeirri gegndarlausu rentusókn útgerðarmanna sem það hefur í för með sér. Lauslega áætlað eru verðmæti veiðiheimilda um 15 ma.kr. á ári. Þessi verðmæti fá eigendur útgerðarfyrirtækja landsins nú nánast án endurgjalds. Sem sagt ríkið gefur útgerðarmönnum 15 ma.kr. gjöf árlega. Það er ekki nema von að þeir séu tilbúnir að setja þjóðfélagið allt á annan endann til þess að verja þetta fyrirkomulag. [...]

Ég legg til að ríkisstjórnin semji eitt frumvarp og LÍÚ sé beðið um að semja annað frumvarp. Síðan verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort frumvarpið verði að lögum.

Pressan.is **Jón Steinsson**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

DRÝGJUM LAUNIN VERSLUM Í BÓNUS
DRÝGJUM LAUNIN VERSLUM Í BÓNUS

398
KR. 625g

NORÐANFISKUR
FISKBÚÐINGUR 625g

NÝ FERSK LÍNUÝSA ROÐ OG BEINLAUS
ATH. FERSK LÍNUÝSA KEMUR Í LANDSBYGGÐARVERSLANIR BÓNUS Á **ÞRIÐJUDAG**

579
KR.kg

NORÐANFISKUR: **FROSNAR STEIKTAR FISKBOLLUR**

698
KR. 620g

KJARNAFÆÐI: 620g FROSIÐ
100% NAUTAHAKK

ÞÝSK FROSIN KALKÚNABRINGA
MINNA EN 1% FITA

1998
KR. kg

NIVEA CLEANSING WIPES
ANDLITSKLÚTAR
259 KR. *25 STK.*

KELLOGGS RISA KASSI 1 KG.
598 KR.1KG.

259 kr.pk
KNORR GOURMET SÚPUR
BLÓMKÁL/BROKKÓLÍ- SVEPPA-, GÚLLASSÚPA-, ÍTÖLSK MINESTRONE- HUMAR/RÆKJUSÚPA

FJÓLA WC PAPPÍR
9 rúllur 240 blöð 100 kr lækkun
Verð nú 698 kr.
4000 PK. Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.

SKORNIR **129 KR**
HEILIR **109 KR**
Hunt's TÓMATAR 410g

FROST JARÐARBER **1.2 kg.**
498 KR.PK.

FROST MANGÓBITAR **1 kg.**
498 KR.PK.

FROST ANANASBITAR **1 kg.**
498 KR.PK.

Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 pers. aðeins **998** kr.

ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
BÓNUS HEILSURÉTTUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

tímamót

timamot@frettabladid.is

50 JAKOB F. ÁSGEIRSSON rithöfundur er fimmtugur í dag

„Besta svarið við háværum kröfum um höft og síaukin ríkisafskipti er nefnilega að benda á reynsluna af þeim.“

Merkisatburðir

1522 Vopnuð átök urðu milli fylgismanna Teits ríka Þorleifssonar og Jóns Arasonar, síðar biskups.

1881 Nýbyggð og vönduð kirkja á Núpi í Dýrafirði fauk á haf út í ofviðri.

1926 Fyrstu útvarpsútsendingar í tilraunaskyni fóru fram á Íslandi.

1951 Flugvélin Glitfaxi fórst með 20 manns innanborðs út af Vatnsleysuströnd í aðflugi til Reykjavíkur. Hún var að koma frá Vestmannaeyjum.

1980 Ferðamönnum var leyft að kaupa bjór við komuna til Íslands.

1981 Allsherjarmanntal var tekið á Íslandi, það 22. í röðinni síðan 1703.

2010 Íslenska handknattleikslandsliðið hlaut bronsverðlaun á Evrópumeistaramótinu í Vín.

ÞETTA GERÐIST: 31. JANÚAR ÁRIÐ 1982

Kvennaframboðið stofnað

Samtök um kvennaframboð voru stofnuð af konum í Reykjavík þennan dag fyrir 29 árum. Samtökin voru stofnuð á fjölmennum fundi á Hótel Borg en milli þrjú og fjögur hundruð konur mættu á fundinn.

Rauðsokkusamtökunum hafði verið slitið sama ár og hluti fyrrum Rauðsokka tók þátt í að stofna Kvennaframboðið. Kvennaframboðið fékk tvo fulltrúa kjörna í borgarstjórn Reykjavíkur og tvo fulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar sama ár. Í alþingiskosningum árið 1983 náðist ekki samstaða innan kvennaframboðsins um hvort bjóða ætti fram lista til alþingiskosninga. Hluti kvennaframboðsins stofnaði því nýtt framboð ásamt fleiri konum, Kvennalistann. Kvennalistinn bauð fram í þremur kjördæmum, Reykjavík, Akureyri og Norðurlandi eystra. Kvennalistinn náði inn þremur konum með 5,5 prósent atkvæða.

FJÖLMENNT Frá stofnfundi Kvennaframboðsins á Hótel Borg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AFMÆLI

ELÍN PÁLMADÓTTIR blaðamaður er 84 ára.

VALGARÐ BRIEM lögfræðingur er 66 ára.

HERDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR, fv. alþingismaður, er 58 ára.

HARPA NJÁLS félagsfræðingur er 65 ára.

THORVALD IMSLAND OG SIGURBERG DANÍELSSON: HÆTTIR HJÁ SS

HEIÐRAÐIR EFTIR HUNDRAÐ ÁR

Thorvald Imsland verkstjóri og Sigurberg Hraunar Daníelsson deildarstjóri voru heiðraðir á dögunum af Sláturfélagi Suðurlands en samtals eiga þeir að baki 100 ára starf hjá félaginu. Thorvald starfaði hjá félaginu í 52 ár og Sigurberg Hraunar í 48 ár.

„Nú þarf ég að venja mig af því að vakna klukkan sex á morgnana, eins og ég hef gert í áratugi, og njóta þess bara að snúa mér á hina hliðina,“ segir Thorvald en hann var verkstjóri í kjötskurðardeild Sláturfélagsins frá árinu 1965 eftir að hafa lært kjötiðn hjá félaginu. Hann fór í framhaldsnám í kjötfræðum til Kaupmannahafnar og starfaði síðan í kjötvinnslunni á Skúlagötu í Reykjavík. Árið 1991 tók Thorvald við verkstjórastöðu í sláturhúsi SS á Selfossi.

Hann segir aðstöðu til kjötvinnslu hafa breyst gegnum árin til batnaðar, fyrstu árin hafi hann verið tíður gestur á slysavarðstofunni. „þetta er áhættustarf og maður skar sig oft í puttana til að byrja með. Svo komu hjálpartæki eins og stálhanskar til sögunnar og sjaldgæfara að menn skeri sig í dag en áður. Handtökin eru þó alltaf þau sömu.“

Mjög vandað og vel skipulagt 223 fm. einbýli við Grundartanga.Húsið er teiknað af Kjartansi Sveinssyni. 5 svefnherbergi. Glæsilegur arin í stofu. Tvíbreiður bílskúr. Garðurinn er afar glæsilegur. Tré og runnar. Stór sólpallur með skjólveggjum. Heitur pottur. Sjón er sögu ríkari. Skipti á ódýrari eign koma vel til greina. 8312

Dragavegur.
Tveggja íbúða, 200 fm. einbýlishús við Dragaveg í Laugarásnum. Falleg staðsetning.Gott viðhald.4 svefnherbergi. Parket á gólfum. Laust fljótlega.
V. 44,5 m. 8240



Hlíðarvegur.
Falleg, 3ja herb. 79 fm. íbúð með sér inngangi og sólpalli við Hlíðarveg í Kópavogi. Góðar innréttingar. Björt og sólrík stofa. Allt fyrsta flokks.
V. 16.9 m. 8309

Blesabakki
Mjög vandað og vel staðsett 70 fm. 10 hesta hús á flottum stað í Mosfellsbæ. Allt nýlega endurnýjað og gott gerði. Eign fyrir vandláta.
V. 15,9 m. 8316

Goðatún.
Vel staðsett. 210 fm. einbýli með bílskúr við Goðatún í Garðabæ. Mikið endurnýjað. Nýtt baðherbergi og eldhús. Nýtt gler og þak.
V. 38.3 m. 8195

Hlíðarvegur-Kópavogi.
Afar vel staðsett 105,4 fm. íbúð á jarðhæð í í litlu fjölbýli. Sér inngangur. Gott viðhald.
Baðherbergi allt flísalagt. Stór garður. Flott eign í góðu hverfi. Laus fljótlega. **V. 21,5 m.** 8323

Álfkonuhvarf.
Flott 88,2 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sólpalli við Álfkonuhvarf 49. Stæði í bílageymsluhúsi. Flottur frágangur. Vandaðar innréttingar. Parket á gólfum og góðir skápar. Allt fyrsta flokks. Laus í apríl.
V. 23,9 m. 8314

BERG fasteignasala stofnuð 1989

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

:ALLT

HEILSA
Þriðjudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Auglýsingasími
512 5050

Allt sem þú þarft...

67,9%
Lesa bara Fréttablaðið

5,5%
Lesa bara Morgunblaðið

26,6%
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **94%** lesenda blaðanna

Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent ágúst – október 2010.

BÍLAR & FARATÆKI

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

100 bílar.is bílasala

M.Benz ML 320 Cdi, árg. 12/2006, ek. 66þús.km, sjálfsk, dísel, leður, rafmagn, omfl., Mjög sparneytinn og flottur umboðsbíll, Ný heilsársdekk, Tilboðsverð 6250þús.kr, bíllinn er í salnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Gerðu felgurnar eins og nýjar!
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.

Til sölu mikið lagaður og endurnýjaður Renault Megane ,97.Ekinn aðeins 151þ. uppl gefur Óli í s:869 5324

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!
Óska eftir bíl á 0-150 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma

691 9374.

Óska eftir vél í VW transporter T5 Árg. ,06. TDI2,5diesel. Uppl. Ragnar S. 849 3279 og 774 3805

Bíll óskast, 0-150þ, staðgreitt. sími:690 9777

Golf, Polo, Micra, Almera, Peougut 206, Yaris eða Lancer ÓSKAST Árg. 1998-2003 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772-5450.

Sendibílar

568 5000 NS Nýja Sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vespur

Af hverju að láta veðurblíðuna fara framhjá þér ? Njóttu lífsins á vespu frá VDO. Verð aðeins 239 þús VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

Kínversk vespa Jonway City Runner árg.'09 125cc til sölu. Ek. 2.200 km. Á 16" dekkjum. Tilboð óskast. Fyrstur kemur fyrstur fær. S. 898 2820.

Vélsleðar

Til sölu vélsleði Skidoo Skandic rotax 380, árg. ,96, bakgír, 2ja manna, Verð 200þús stgr. Uppl. 895 7496.

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar.

S. 893 3573.

Bílaþjónusta

PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS FRÁ KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUPISS OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is

Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA – NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA

486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Musso varahlutir.
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru,Lanos, Galloper, Discovery, H1, Santa Fe,Nissan DC 97, Cherokee, Trooper,Ford 250,Clio 00, Megan Scenic 98, Freelander, Impreza 97,Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200.

Erum að byrja að rífa VW Caddy 05, octavia 4x4, bensín og dísel ,05 og ,07. Patrol ,96, Honda CRV 00, Terios 99, marga Benz bíla, Pajero, dísel 99. Golf ,05, Ford Focus ,00, Renault traffic ,05 og Almera ,98. Partahúsið opið 8:30-18 virka daga og 10-14 laugardaga. S. 555 6666.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11

sími 661 5270.

Viðgerðir

Pústkerfi - Sérsmíði - Vatnskassar - Demparar - Bremsur - Viðgerðir - Barkar og Kvarfakútar. Púst og Vatnskassar smiðjuvegi 4a (græn gatabak við N1) Sími 567 0840.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Trjáfellingar og runnaklippingar. Gróður og garðar ehf. Jónas garðyrkjufræðingur

sími 697 8588.

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

Trjáfellingar
Snyrti tré og runna. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

ÁRSREIKNINGASKIL
Forðastu sektir og vandamál. Láttu okkur sjá um gerð og skil ársreikninga. Ódýr og góð þjónusta. Ráðþing alhliða bókhaldsþjónusta. S. 517 7833.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald fyrir þig. Ársreikningur - Skattframtal - VSK Tómas Bókari ehf 659 5031

Fjármál

Evrur til sölu
3% yfir seðlagengi
uppl. í síma. 857 6711.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

ALPAR TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Kristján Rúnar Sveinsson 898 4990
kristjan@flisaverk.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Smíðum eftir máli!
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
— Sérhæfð trésmiðja! —
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • eljo@internet.is

SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir

Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.
Uppl. í síma 899 2420.

Viðhalds Verk ehf

Húsaviðgerðir - Nýbyggingar
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

K2 Náttúruvæn Loftstokkahreinsun

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Óli smiður
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

THE BEST TANTRIC LUXARY MESSAGE ON DOWN TOWN ANYTIME 24/7. S. 869 8602.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

NUDD NUDD NUDD. EXCLUSIVE WHOLE BODY MASSAGE FOR YOU. S. 692 2126, ALENA

NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ S. 823 8280

Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Spádómar

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.
Einkatímar.
Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL
-SPÁ Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.

Hvað viltu vita á nýju ári.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Hanna s. 555 2927

Dulspekisíminn 908-6414
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

661 3839 - Símaspá
Tímapantanir frá kl. 13.00. Alla daga.

Nýársspá, ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

KEYPT & SELT

Til sölu

Tilboð
Dömuskór úr leðri, hvítir og svartir Stakar stærðir. Tilboðsverð: 3.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, sjónvörp,stór ljósritunarvél, stólar, borð, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

ÞVOTTAVÉLAR
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar og ísskápar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Kaupum gull
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo
Linnetsstíg 2, 220
Hafnarfjörður
S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

PLANKA PARKET
Aðeins kr. 6.930
PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, Reykjavík
Simar: 581 2220 - 840 0470

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun:

www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is

Rannveig s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í 8916447 Óli

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SKAPANDI NÁMSKEIÐ Í FEBRÚAR
Víravirki skart 3.2. Tálgun 2.2. Brýnsla 9.2. Tréútskurður 12.2. Hnífagerð 15.2. Silfurleir 21.2. Skráning í s:5551212 Handverkshusid.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Sófi á 10þ. Borð og stólar á 1 -3þ. Borðtölva á 35 þ. S. 896 8568.

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Mjög gott áborið ársgamalt þurrhey í rúllum til sölu á Álftanesi. 4.500 kr. stk. S. 840 6777.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Til leigu herbergi i hafnarfirði frá 1 Feb. 43þus. 8447075

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

ROOM f/RENT w/FURNITURE 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 109/111 BREIÐHOLT 8973611

LEIGUSALAR ATH ÞETTA!
Leiguhús.is er öflug leigumiðlun sem býður fjölbreytta þjónustu. Frían auglýsingar til fullrar þjónustu Skoðaðu www.leiguhus.is

Stór nýleg 4 herb. íb. í mosó, á annari hæð laus strax, v.140þ.á mán. uppl. 862 9670.

Til leigu lítið sæt 3 herb íbúð í Hafnarfirði, neðri hæð í tvíbíli. Eingöngu reglusamt heiðarlegt fólk kemur til greina. Allar nánari uppl í síma 899-6699

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Reglusamt par óskar eftir íbúð með innbúi á Höfuðborgarsvæðinu. s. 8478362

!!!Íbúð óskast!!!
Ung kona með barn óskar eftir 3. herbergja íbúð á svæði 101 - 105. Reyklaus og reglusöm. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 841 7913 Gwenný

Sumarbústaðir

Óska eftir að leigja sumarbústað á Suðurlandinu. Helst á milli Selfoss og Geysir. 6 til 8 manna. Tímabil : 30/7 til 05/08 2011. Borga vel fyrir góðan bústað.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. 180fm. Verslunar, skriftofu eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

ATVINNA

Atvinna í boði

Hressan starfskraft vantar í fulla vinnu kvöldin einnig um helgar. Pizza King. S. 691 0717 / 551 7474 og 8647318

Starfsmaður óskast
Okkur vantar vana menn á þjónustustöð Pitstop í Hafnarfirði. Góð laun og framtíðarvinna í boði fyrir góða menn. Uppl. í S: 8992844

Handflakari óskast, helst vanur kolaflökun. S. 892 0367 eða 483 3548.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Aðalfundur samfylkingarfélagsins í Kópavogi. Haldinn mánudaginn 7. febrúar 2011. kl.20.30 að Hamraborg 11, 3. hæð. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf -Stjórnin

Einkamál

Spjalldömur 908 5050
Opið allan sólarhringin, ný stúlka.

Ný frásögn: Vinkonur! Í Sögum Rauða Torgsins má nú heyra nýja frásögn ungrar konu sem kynnist skólasystur sinni mjög náið. Síminn er 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort). Upptökunúmer er: 8772.

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 23 stöðum á Suðurlandi og 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Bónus, Selfossi
Krónan, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
Olís, Selfossi
Samkaup Úrval, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarholti (Reykholti)
Minni Borg, Grímsnesi
Verslunin Árborg, Árnesi
Þrastalundur, Grímsnesi
Bónus, Hveragerði
N1, Hveragerði
Samkaup Strax, Laugarvatni
Samkaup Strax, Flúðum
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum, Hellu
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1, Vík
Krónan, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum

krossgáta



LÁRÉTT
2. að lokum, **6.** kraðak, **8.** eldsneyti, **9.** net, **11.** hljóta, **12.** langt op, **14.** fet, **16.** tveir eins, **17.** gljúfur, **18.** farfa, **20.** nafnorð, **21.** truflun.

LÓÐRÉTT
1. tónlistartegund, **3.** klafi, **4.** örvandi efni, **5.** slagbrandur, **7.** glæjur, **10.** hald, **13.** ískur, **15.** feiti, **16.** nögl, **19.** á fæti.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** loks, **6.** ös, **8.** kol, **9.** nót, **11.** fá, **12.** klaufi, **14.** skref, **16.** kk, **17.** gil, **18.** lit, **20.** no, **21.** ónáð.

LÓÐRÉTT: **1.** fönk, **3.** ok, **4.** koffein, **5.** slá, **7.** sólskin, **10.** tak, **13.** urg, **15.** fiot, **16.** kló, **19.** tá.

Amman afþakkar ruglustólinn

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Síðastliðinn föstudag þegar við, hinir hundtryggu lesendur Morgunblaðsins, fengum blaðið í hendurnar og flettum upp á síðu 34 gat þar að líta Orð dagsins sem að þessu sinni voru úr Markúsarguðspjallinu: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ekkert boðorð annað er þessu meira.“ Víkverji, sem birtir renning sinn fáeinum millimetrum neðar, virtist hafa misst af þessum boðskap. Þennan dag fetti Víkverji nefnilega fingur út í að forsætisráðherra landsins, Jóhanna Sigurðardóttir, skyldi hafa reiðst í umræðum á Alþingi um þá niðurstöðu Hæstaréttar að ógilda kosningu til stjórnlagaþings.

VÍKVERJI ber fyrir sig barni og skrifar: „Er konan ekki amma eða langamma og á hún þá ekki að vera góð, spurði barnið ... Víkverji tekur undir með barninu – það fer ekki ömmum og langömmum vel að vera með læti, berja í borð, gretta sig og vera stöðugt í vörn.“ Barnið er nafnlaust – svona eins og höfundur Víkverja jafnan er – en þó með ákveðnum greini og því tel ég líklegt að þetta sé í raun aðeins barnið í hjarta Víkverja sem ekki hefur fengið það atlæti sem nauðsynlegt er til að það þroskist.

ENGINN fullorðinn hefur bent því á að vitaskuld má fólk, og það af báðum kynjum, sýna tilfinningar sínar. Það má gleðjast, reiðast, gráta og hlæja. Allt þetta hefur verið gert í ræðustól Alþingis. Þar hafa meira að segja karlar, sumir jafnvel orðnir afar, farið með vísur og þær ekki alltaf góðar. Hvað er það annað en að gretta sig framan í þjóðina? Í sjónvarpsfréttum undanfarinna vikna hafa einmitt birst okkur reiðar mömmur og ömmur og langömmur í Túnis og Egyptalandi sem benda á að breytinga sé þörf.

ÞÆR hafi ekki lengur efni á að fæða afkomendur sína. Ömmurnar vita hvar skóinn kreppir. Ömmur mega líka vera alla vega. Amma mín, Ingibjörg Bjarnadóttir bóndakona í Litla-Fjarðarhorni á Ströndum, spilaði á harmonikku á sveitaböllunum og fyrir mig lék hún Óla skans. Stilltu ömmurnar sem Víkverji þykist aðeins kannast við eiga á að hættu að vera étnar af úlfum og þurfa síðan að bíða eftir því að einhver karlinn komi og bjargi þeim.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið — Eftir Tony Lopes



Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPORT
besta sætið

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

SPENNAN MAGNAST Í FEBRÚAR

16 liða úrslit Meistaradeildarinnar

Það eru margir frábærir leikir framundan í Meistaradeild Evrópu.

AC Milan – Tottenham
FC Köbenhavn – Chelsea
Lyon – Real Madrid
Marseille – Man. Utd.
Inter – Bayern München
Arsenal – Barcelona

PREMIER LEAGUE

40 spennandi leikir í Enska boltanum

Chelsea – Liverpool
Man. United – Man. City
Newcastle - Arsenal
Chelsea – Man. United

UEFA EUROPA LEAGUE

32 liða úrslit í Evrópudeildinni

Man. City – Aris 15. feb
Sparta Prag - Liverpool 17. feb
Liverpool – Sparta Prag 24. feb
Man. City – Aris 24. feb

16. liða úrslit Enska FA-bikarsins

HM hetjurnar okkar í þýska handboltanum

Kiel – Fusche Berlin 13. feb
Grosswallstadt - Magdeburg

Stjörnuleikurinn í NBA

VILD
allt fyrir áskrifendur

Safnaðu punktum í sófanum heima

Nú hafa áskrifendur Stöðvar 2 og Stöðvar 2 Sport safnað punktum frá því í desember. Tryggir áskrifendur fá að auki 1.000 punkta eftir fjögurra mánaða söfnun. Punktana má m.a. nýta til að bæta við sig stöðvum en auk þess fá þeir 5-30% afslátt af áskrift.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50
Morgunhanarnir Heimir og Kolla vakna eldhress í bítið með fjölbreyttan dægurmálaþátt á léttum nótum.
Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, íþróttunum og öllu hinu strax í bítið.

Hlutu styrk úr listasjóði Dungal

Páll Haukur Björnsson og Kristín Rúnarsdóttur hlutu styrk úr listasjóði Dungal sem afhentur var fyrir helgi.

Páll Haukur útskrifaðist með BA gráðu í myndlist vorið 2008 frá Listaháskóla Íslands og hóf í framhaldi nám í heimspeki við Háskóla Íslands. Hann hefur haldið fjölda sýninga bæði hér á landi og erlendis, til dæmis á Kjarvalsstöðum, í Gerðarsafni, Nýlistasafninu, Listasal Mosfellsbæjar, 700 Hreindýralandi (vídeóhátíð) og Sequences listahátíð. Þá tók Páll þátt í sex mánaða gjörningi Ragnars Kjartanssonar The End sem fluttur var fyrir Íslands hönd á Feneyjatvíæringnum 2009. Hann situr í stjórn Nýlistasafnsins og er stjórnandi næstu Sequences listahátíðar sem haldin verður í vor.

Myndlist Páls einkennist af innsetningum og gjörningum. Hann dvelur gjarnan sjálfur í rými sem hann hefur byggt úr fjölbreyttu efni og hlutum, teikningum, ljósmyndum og vídeó.

Kristín Rúnarsdóttir útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2009. Hún hefur undanfarin ár tekið þátt í margvíslegum verkefnum hér heima og á Norðurlöndunum og er einn af aðstandendum Gallerí Crymo, listamannareknu sýningarými í Reykjavík. Kristín leggur áherslu á teikningu sem hún vinnur á pappír, plötur og í bækur.

PÁLL HAUKUR OG KRISTÍN Listasjóðnum Dungal er ætlað að styrkja unga myndlistarmenn sem eru að feta sín fyrstu skref á leiklistarbrautinni.

Listasjóður Dungal hét áður Listasjóður Pennans. Sjóðurinn var stofnaður árið 1992 af hjónunum Gunnari B. Dungal og Þórdísi Öldu Sigurðardóttur þáverandi eigendum Pennans hf. til minningar um foreldra Gunnars, Margréti og Baldvin P. Dungal. Sjóðnum er einkum ætlað að styrkja unga myndlistarmenn sem eru að feta sín fyrstu skref á myndlistarbrautinni og einnig að eignast verk eftir þá.

Móðurmorðingi ræktar rósir

Bækur ★★★

Eyru Busters
Maria Ernestam

Hvernig líður konu sem myrti móður sína þegar hún var 17 ára og komst upp með það? Söguhetjan í Eyrum Busters, Eva, sem er að verða sextug og hefur plumað sig ágætlega í lífinu, þrátt fyrir móðurmorðið, virðist reyndar nánast samviskubitslaus og gengur frásögn hennar út á að undirbyggja, réttlæta og útskýra verknaðinn en minni áhersla er lögð á eftirköst hans. Sagan flakkar fram og til baka í tíma allt frá barnæskunni með móðurinni til nútímans þar sem Eva býr á Vesturströnd Svíþjóðar með sambýlismanni sínum, á uppkomna dóttur og barnabörn og lifir að því er virðist fullkomlega eðlilegu lífi. Leyndarmál eins og hennar hafa þó tilhneigingu til að koma fram í dagsljósið og nú stefnir í það að allt komist upp.



Sagan er fantavel byggð, höfundur kann þá list að vekja forvitni og viðhalda spennu og efnið vekur að sjálfsögðu upp ótal spurningar um meðferð á börnum, móðurást og mannleg samskipti almennt. Persónur eru vel dregnar og trúverðugar nema helst móðirin sem ekki virðist eiga til mannlega tilfinningu, en sú lýsing er náttúrulega Evu sjálfrar sem segir söguna í fyrstu persónu. Hún er sjálf breysk persóna en sannfærandi, þótt lesandi spyrji sig á köflum hvort syndir móðurinnar séu virkilega svo ófyrirgefanlegar að þær réttlæti morð.

Í barnshuganum eru þær það allavega og lýsingar á sálarlífi barnsins Evu eru hrollvekjandi lesning sem situr lengi í huga lesandans.

Í heildina er hér á ferðinni merk skáldsaga um viðkvæmt efni sem enginn verður svikinn af að lesa.

Þýðing Margrétar Ísdal er vel af hendi leyst, textinn rennur vel, málfarið er kröftugt og hvergi vottar fyrir þýðingarkeim. **Friðrika Benónýsdóttir**

Niðurstaða: Vel skrifuð saga um efni sem snertir alla.

Eitt aðgangskort að menningarstofnunum í Reykjavík

Boðið verður upp á sérstök aðgangskort að menningarstofnunum á vegum Reykjavíkurborgar frá og með 1. febrúar.

Ókeypis hefur verið á helstu menningarstofnanir borgarinnar undanfarin misseri en sökum hagræðingar í borginni var ákveðið að taka upp aðgangseyri á nýjan leik og ákveðið að þróa Menningarkort Reykjavíkur.

Um er að ræða árskort sem veitir aðgang að Listasafni Reykjavíkur (Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni), Minjasafni Reykjavíkur (Árbæjarsafni og Landnámssýningu) og fá handhafar þess einnig bókasafnskort í Borgarbókasafn Reykjavíkur.

Að auki veitir kortið afslátt í verslunum og veitingastöðum safnanna, í Viðeyjarferju og -stofu, Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og af árskorti Borgarleikhússins.

Árskortið kostar 5.000 krónur en þeir sem kaupa Menningarkost í febrúar fá tvo á verði eins. Eftir sem áður er ókeypis fyrir börn að átján ára aldri og eldri borgarar og öryrkjar þurfa hvorki að greiða fyrir aðgang að ofangreindum söfnum né fyrir bókasafnskort.

KJARVALSSTAÐIR Árskortið veitir aðgang að nokkrum söfnum borgarinnar auk þess sem handhafar þess fá bókasafnskort að Borgarbókasafninu.

Auglýsingasími
512 50 50

Allt sem þú þarft...

ÚTSALA

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

19" SJÓNVÖRP FRÁ 34.990
22" SJÓNVÖRP FRÁ 49.990
32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990
42" SJÓNVÖRP FRÁ 99.990

TÖKUVÉLAR FRÁ 24.990
JVC Panasonic TOSHIBA

HLJÓMTÆKI MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI
PHILIPS JVC Panasonic harman/kardon

BÍLGRÆJUR MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI
JBL KENWOOD JVC

MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 36% AFSLÆTTI
Nikon OLYMPUS CASIO Panasonic

JBL iPOD/iPHONE VÖGGUR FRÁ 14.990

FERÐATÆKI MEÐ GEISLASPILARA FRÁ 5.990

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR

MP3 SPILARAR Á OTRÚLEGU
MIKIÐ ÚRVAL - VERÐ FRÁ 3.990
PHILIPS GRUNDIG SanDisk INTENSO

OPIÐ LAUGARDAG 10-16

SJÁ ÚTI TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2010

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

Bræður undrandi á gagnrýni

Leikstjórarnir Joel og Ethan Coen eru undrandi á ummælum sumra kvikmyndagagnrýnenda um að nýjasta mynd þeirra, True Grit, sé ekki eins góð og fyrri verk þeirra. Myndin hlaut fyrir skömmu tíu tilnefningar til Óskarsverðlaunanna. Á meðal annarra mynda þeirra sem hafa þegar fengið Óskarsverðlaun eru Oh Brother, Where Art Thou?, Fargo og No Country for Old Men.

„Það kom mér á óvart," sagði Ethan spurður út í orð gagnrýnenda um að True Grit sé ekki nógu Coen-leg. „Við reynum alltaf að hafa myndir okkar eins langt frá því að vera Coen-legar og hægt er, hvað sem það nú þýðir. Fólk spyr út í stílinn sem maður notar í myndunum en við erum bara að reyna að segja söguna á réttan hátt. Við erum ekki að reyna að merkja okkur hana með því að pissa á hana eða eitthvað slíkt," sagði hann.

Joel og Ethan fannst gott þegar litið var á þá sem utangarðsmenn í Hollywood hér á árum áður. Núna hikar kvikmyndaborgin ekki við að hampa þeim og það finnst þeim skrítið. „Við eyddum miklum tíma utangarðs af algjörri nauðsyn," sagði Joel. „Allt í einu kemur þessi stóra hönd og réttir okkur Óskarsverðlaunin af himnum ofan. Það hræðir mann og maður fer að hugsa hvar manni hefur orðið á."

COEN-BRÆÐUR Joel og Ethan Coen fengu tíu tilnefningar til Óskarsins fyrir myndina Trie Grit.

SEX VINIR SJONNA Þeir Hreimur Örn, Benedikt Brynleifsson, Vignir Snær, Matti Matt, Gunnar Ólason og Pálmi Sigurhjartarson fluttu lag Sigurjóns Brink, Aftur heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tilfinningaríkt Eurovision

Síðasta undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins var ákaflega tilfinningarík en þá sungu sex vinir Sigurjóns Brink lagið sem hann sendi inn, Aftur heim. Textann gerði eiginkona Sigurjóns, Þórunn Erna Clausen.

Sjö lög verða í sviðsljósinu þegar framlag Íslands til Eurovision verður valið í næsta mánuði.

Það voru miklar tilfinningar í gangi í Efstaleitinu þegar keppnin fór fram á laugardagskvöldið en ekkja Sigurjóns, Þórunn Erna, var viðstödd þegar sex vinir hans fluttu lagið hans, Aftur heim.

Mikill samhugur ríkti meðal flytjenda og var fólk sammála um að vel hefði tekist til við flutninginn á laginu en það voru þeir Hreimur Örn, Pálmi Sigurhjartarson, Matthías Matthíasson, Gunnar Ólason, Vignir Snær og Benedikt Brynleifsson sem sáu um að koma því til skila. - fgg

Mikill samhugur ríkti í Efstaleitinu enda flestum ljóst að þetta kvöld yrði mörgum erfitt. Hér sjást Þórunn Erna í faðmi þeirra sex sem fluttu lag Sigurjóns.

Þórunn Erna ræðir málin við Pálma Sigurhjartarson og Benedikt Brynleifsson.

Hreimur faðmar Þórunni Ernu að sér eftir að ljóst var að lagið Aftur heim hafði komist áfram.

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ — Gleraugu seld sér — Nánar á Miði.is

THE DILEMMA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
THE DILEMMA LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
THE GREEN HORNET 3D	kl. 5.25 - 8 - 10.35	12
BURLESQUE	kl. 8 - 10.35	L
ALFA OG ÓMEGA 3D	kl. 3.30	L
THE TOURIST	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
GULLIVER´S TRAVELS 3D	kl. 3.30 - 5.50	L
MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	KL. 3.40	L
NARNIA 3 3D	KL. 3.30	7

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is — 5%

THE FIGHTER	KL. 5.30 - 8 - 10.30	14
BURLESQUE	KL. 10.10	L
GAURAGANGUR	KL. 5.50 - 8	7
LÍFSLÖNGUN	kl. 8 Enskur texti	L
BARA HÚSMÓÐIR	kl. 8 Enskur texti	L
HVÍTAR LYGAR	kl. 10 Íslenskur texti	L
LAFMÓÐUR	kl. 10 Enskur texti	L
EINS OG HINIR	KL. 6 Enskur texti	L
ÆVINTÝRI ADÉLE	KL. 6 Íslenskur texti	L

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

THE DILEMMA	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
THE GREEN HORNET 3D	kl. 8 - 10.10	12
ALFA OG ÓMEGA 3D	kl. 5.50	L

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is — 5% afsláttur
facebook / smarabio • facebook / haskolabio

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

THE FIGHTER	5.40, 8 og 10.20	14
THE GREEN HORNET 3D	8	12
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI 3D	6	L
SAW 3D	10.20	16
ALFA OG ÓMEGA 2D	6	L
LITTLE FOCKERS	8 og 10	L

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

THE KING'S SPEECH — 12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA — BESTA MYND
STUNDUM ER SANNLEIKURINN SÁR — DILEMMA

ÁLFABAKKA

THE KING´S SPEECH	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
THE KING´S SPEECH	kl. 8 - 10:30	VIP
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali	kl. 5:50	L
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali	kl. 5:50	L
ROKLAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
HEREAFTER	kl. 8 - 10:40	12
HEREAFTER	kl. 5:30	VIP
HARRY POTTER	kl. 8 Síðustu sýningar	10
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 10:40 Síðustu sýningar	L

AKUREYRI

TANGLED-3D ísl tal	kl. 5:50	L
THE KING'S SPEECH	kl. 8 - 10:20	L
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8	14
ROKLAND	kl. 10:20	12

EGILSHÖLL

DILEMMA	kl. 5.30 - 8 og 10.30	L
KING'S SPEECH	kl. 5.30	L
GREEN HORNET-3D	kl. 8 og 10.40	12
KLOVN: THE MOVIE	kl. 8 og 10.15	14
ROKLAND	kl. 8 og 10.30	12
TANGLED-3D ísl. Tali	kl. 5.30	L
TRON: LEGACY-3D	kl. 5.15	10

KRINGLUNNI

THE KING´S SPEECH	kl. 5:50 - 8 - 10:30	L
KLOVN - THE MOVIE	kl. 8:20 - 10:30	14
ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali	kl. 5:50	L
YOU AGAIN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

BÍÓ PARADÍS CAFÉ

BREYTINGAR Í BÓGÓTA (L)	18:00
BLÓÐGEMSAR (L)	22:00
STUTTMYNDIR 2 (L)	20:00
EFTIRSJÁ (L)	20:00
TÉKKNESKI DRAUMURINN (L)	18:00
HERBERGI Í RÓM (HABITACION EN ROMA)(L)	18:00
SÚÐBYRÐINGUR (L)	20:00
UPPÁTÆKI (MICMACS)(L)	20:00, 22:00
EINHVERSSTADAR (SOMEWHERE)(L)	18:00, 22:00
THE SOCIAL NETWORK (L)	22:00

DAGSKRÁ REYKJAVIK SHORTS & DOCS Á BIOPARADIS.IS / SÍÐUSTU SÝNINGAR Í DAG
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

ÚTSALA

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

AÐEINS ÞESSA VIKU

LG W2240S-PN
21.5" LCD skjár með 1920x1080p upplausn, 70.000:1 skerpu, 5ms svartíma, VGA tengi ofl.

21.990

Allt að 100.000 kr afsláttur af fartölvum!

Mikill afsláttur af fartölvu-töskum!

TOSHIBA
SPJALDTÖLVA

Fartölva Toshiba FOLIO 100
- 1.0GHz NVIDIA Tegra 250 örgjörvi
- 512MB DDR2 800MHz 200pin minni
- 16GB Flash minni (fer í 32GB með SD korti)
- 10,1" LED WSVGA með 1024x600 skjár
- Nvidia GeForce Tegra 250 skjákort
- Lyklaborð og mús í 4ra fingra snertiskjá
- Hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Þráðlaust netkort og Bluetooth
- 1.3MP vefmyndavél
- Android 2.2 Froyo stýrikerfi
- Þyngd: 0,76 kg
- Stærð: 28.1 x 18,1 x 1.4 sm
- 7 tíma Li-ion rafhlöðuending

59.990

FULLT VERÐ KR. 79.990

SAMSUNG

1 TB

HARÐUR DISKUR

Samsung SA103SJ
1 Terabyte Samsung Spinpoint F1 harður diskur, með 7200rpm SATA2 tengi og 32MB Buffer.

8.490

FULLT VERÐ KR. 11.990

Blek og pappír á frábæru verði!

Íhlutir og turnkassar Allt fyrir uppfærsluna!

1 TB

SAMSUNG

2.5"

1TB FLAKKARI

Samsung G22 1TB
1TB USB 2.5 flakkari með flottri Piano Black áferð. Gengur með Windows og Mac.

17.990

FULLT VERÐ KR. 22.990

Sýningareintök á fáránlega góðu verði!

H.264

A.C.Ryan

SJÓNVARPSFLAKKARI

AC Ryan Playon!HD Mini
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.

21.990

FULLT VERÐ KR. 29.990

Mikil lækkun á sjónvarps-flökkurum!

Mýs, lyklaborð, heyrnartól, hátalarar, stýri-pinnar og ótal margt fleira!

Aðeins nokkur dæmi - komið og skoðið úrvalið!

TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

GARÐAR JÓHANNSSON skrifaði um helgina undir tveggja ára samning við Stjörnuna frá Garðabæ sem fékk þar góðan liðsstyrk fyrir átök sumarsins í Pepsi-deild karla. Garðar er uppalinn Stjörnumaður en hann lék í stuttan tíma með liðinu í sumar. Annars hefur hann verið í atvinnumennsku síðan 2007 en á einnig leiki að baki með KR og Val hér á landi.

ÚRSLIT

Iceland Express d. kvenna

A-RIÐILL

Hamar - Haukar 71-62 (35-29)
Stig Hamars: Slavica Dimovska 18/5 fráköst/5 stoðsendingar, Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Jaleesa Butler 15/15 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 10, Íris Ásgeirsdóttir 8, Fanney L. Guðmundsdóttir 3.
Stig Hauka: Kathleen Snodgrass 25, Gunnhildur Gunnarsdóttir 9/7 fráköst/7 stoðsendingar, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8, Íris Sverrisdóttir 6, María Lind Sigurðardóttir 4, Dagbjört Samúelsdóttir 3, Þórunn Bjarnadóttir 3, Guðrún Ósk Ámundardóttir 2, Margrét Rósa Hálfdánardóttir 2.

Keflavík - KR 79-75 (45-34)
Stig Keflavíkur: Jacquline Adamshick 34/15 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 18, Bryndís Guðmundsdóttir 14/12 fráköst/7 stoðsendingar, Pálína Gunnlaugsdóttir 9/6 fráköst, Hrund Jóhannsdóttir 2, Ingibjörg Jakobsdóttir 2.
Stig KR: Margrét Kara Sturludóttir 21, Chazny Morris 19, Hildur Sigurðardóttir 11/9 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Signý Hermannsdóttir 7, Helga Einarsdóttir 4, Hafrún Hálfdánardóttir 4.

B-RIÐILL

Snæfell - Fjölnir 76-72 (36-30)
Stigahæstar hjá Snæfelli: Berglind Gunnarsdóttir 25, Shayla Fields 23, Sara Mjöll Magnúsdóttir 11.
Stigahæstar hjá Fjölni: Natasha Harris 37, Birna Eiríksdóttir 14, Inga Buzoka 10.

Njarðvík - Grindavík 70-65 (38-37)
Stigahæstar hjá Njarðvík: Shayla Fields 23, Julia Demirer 22, Ína María Einarsdóttir 9.
Stigahæstar hjá Grindavík: Helga Hallgrímsdóttir 21, Agnija Reke 16, Berglind Anna Magnúsd. 10.

N1-deild kvenna

ÍBV - ÍR	31-21 (18-12)
Fylkir - FH	26-20 (14-11)
Stjarnan - Fram	24-25 (12-14)
HK - Valur	22-35 (13-16)
Haukar - Grótta	31-31 (14-15)

STAÐA EFSTU LIÐA

Fram	**13**	**12**	**0**	**1**	**447-264**	**24**
Valur	12	11	0	1	435-221	22
Stjarnan	**12**	**10**	**0**	**2**	**412-308**	**20**
Fylkir	13	8	0	5	375-340	16

Iceland Express-deild kvenna:

Fimmtándi sigur Hamars

KÖRFUBOLTI Hamar er enn á beinu brautinni í Iceland Express-deild kvenna en liðið vann í gær sigur á Haukum, 71-62. Hamarsstúlkur hafa unnið alla fimmtán leiki sína í deildinni í vetur.

Í gær fór fram heil umferð í deildinni og voru þetta fyrstu leikirnir eftir að liðunum átta var skipt í tvo riðla, A og B.

Liðin mætast innbyrðis í riðlunum í tvöfaldri umferð en öll liðin í A-riðli komast áfram í úrslitakeppnina ásamt tveimur efstu liðum B-riðils. Tvö efstu liðin í A-riðli sitja hins vegar hjá í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

- esá

Sýndi að það er ekki þörf á nýjum sóknarmanni

Kolbeinn Sigþórsson vann ótrúlegt afrek þegar hann skoraði fimm mörk í 6-1 sigri AZ Alkmaar á VVV Venlo í hollensku úrvalsdeildinni á laugardagskvöldið. Jóhann Berg Guðmundsson skoraði einnig og því öll mörk Alkmaar íslensk.

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson lék eftir 28 ára gamalt afrek Atla Eðvaldssonar þegar hann skoraði fimm mörk í 6-1 sigri AZ Alkmaar á VVV Venlo í hollensku úrvalsdeildinni um helgina.

Atli skoraði öll fimm mörkin í 5-1 sigri Fortuna Düsseldorf á Eintracht Frankfurt í þýsku úrvalsdeildinni árið 1983 og hlaut mikið lof fyrir.

Það sem meira er þá skoraði Jóhann Berg Guðmundsson eina mark AZ sem Kolbeinn skoraði ekki í leiknum um helgina. Öll sex mörk AZ í leiknum voru því íslensk.

„Jú, þetta vakti mikla athygli og okkur var báðum mikið hrósað eftir leikinn," sagði Kolbeinn í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það er líka gaman að því að hafa jafnað þetta afrek hjá Atla og að hafa skrifað kafla í söguna. Ég vona bara að ég haldi áfram að skora þó svo að það verði ekki allt af fimm mörk í sama leiknum."

Kolbeinn skoraði mörkin með fjölbreyttum hætti. Tvö með hægri fæti, tvö með vinstri og eitt með skalla. Sjálfur segist hann hafa fengið þau skilaboð frá þjálfaranum að hann yrði að skora í leiknum.

„Fólk var ekki ánægt eftir síðustu tvo leiki okkar og þjálfarinn sagði að ég yrði að skora. Það gaf mér aukakraft fyrir leikinn þó svo að ég setji alltaf pressu á mig í hverjum leik. Ég vil alltaf skora – annars á ég ekkert erindi í sóknina," segir Kolbeinn.

„Það var líka gott að Jóhann hafi skorað svona glæsilegt mark eins og hann gerði. Það var skemmtilegur bónus."

Kolbeinn hefur verið í byrjunarliði AZ síðan deildin hófst aftur eftir vetrarhlé. Hann skoraði ekki í tveimur fyrstu leikjunum í janúar en bætti fyrir það um helgina.

„Þeir seldu framherjann sem hefur verið að spila mikið til Parma á Ítalíu og því er þessi staða meira út af fyrir mig núna. Ég held að ég hafi sýnt þeim að þeir þurfi ekki að kaupa nýjan sóknarmann," sagði Kolbeinn. „Það hafa verið sögusagnir um það síðustu vikurnar en þjálfarinn segir að hann sé ekki að skoða neina leikmenn. En þótt svo væri eru þeir vonandi hættir við það núna."

Samningur Kolbeins við AZ rennur út eftir næsta tímabil og hafa forráðamenn liðsins ekki enn rætt við hann um nýjan samning.

„Ég mun einbeita mér fyrst og fremst að því að spila vel. Það er EM [U-21 liða í Danmörku] í sumar og ég ætla að vera í toppformi þar. Ég mun sinna mínu og framhaldið kemur svo bara í ljós."

Þetta var sjöunda sinn sem Kolbeinn var í byrjunarliði AZ í deildarleik. Alls hefur hann skorað níu mörk í þeim 20 leikjum sem hann hefur komið við sögu. Hann er langmarkahæsti leikmaður liðsins með níu deildarmörk.

AZ fór upp í fimmta sæti deildarinnar með sigrinum en liðið er með 37 stig, tíu stigum minna en topplið PSV Eindhoven.

eirikur@frettabladid.is

FAGNAÐI FIMMU Kolbeinn Sigþórsson fór á kostum með AZ Alkmaar um helgina og skoraði fimm mörk í 6-1 sigri á VVV Venlo í hollensku úrvalsdeildinni. NORDIC PHOTOS/AFP

> Ég vona bara að ég haldi áfram að skora þó svo að það verði ekki alltaf fimm mörk í sama leiknum.
>
> **KOLBEINN SIGÞÓRSSON**
> LEIKMAÐUR AZ ALKMAAR

DJOKOVIC Framlengdi enn 75 ára bið Breta eftir sigri í einliðaleik á stórmóti í tennis. NORDIC PHOTOS/GETTY

Opna ástralska í tennis:

Djokovic og Clijsters sigruðu

TENNIS Opna ástralska meistaramótinu í tennis lauk um helgina. Novak Djokovic sigraði í einliðaleik karla eftir að hafa lagt Skotann Andy Murray í úrslitaviðureigninni, 6-4, 6-2 og 6-3.

Enginn Breti hefur unnið risamót í tennis í 75 ár og það breyttist heldur ekki í gær.

Kim Clijsters sigraði í kvennaflokki en hún mætti Li Na frá Kína í úrslitum. Na var fyrsti Kínverjinn til að komast í úrslit stórmóts og vann hún fyrsta settið, 6-3. Clijsters vann hins vegar næstu tvö sett, 6-3 og 6-3, og tryggði sér þar með sinn annan sigur á stórmóti í röð. **- esá**

Dregið í 5. umferð bikarsins:

United fékk öskubuskuliðið

FÓTBOLTI Dregið var í 16-liða úrslit enska bikarsins í gær. Öskubuskuliðið Crawley Town datt heldur betur í lukkupottinn því liðið fékk leik gegn Manchester United á Old Trafford.

Crawley Town leikur í ensku utandeildinni og er fyrsta liðið úr þeim röðum sem kemst svo langt í bikarnum í sautján ár.

„Það var súrrealískt augnablik þegar nafn United kom upp. Við fengum leikinn sem allir landsmenn vildu. Ef þú ert Arsene Wenger eða Alex McLeish þá hefðir þú kannski ekki viljað þennan drátt en við vildum hann svo sannarlega," sagði stjóri Steve Evans, stjóri Crawley. - jjk

Dregið í 5. umferð

Leikirnir fara fram 19. og 20. febrúar

West Ham - Burnley
Notts County/Man. City - Aston Villa
Stoke City - Brighton & Hove Albion
Birmingham - Sheffield Wednesday
Leyton Orient - Arsenal
Everton/Chelsea - Reading
Manchester United - Crawley Town
Fulham - Bolton/Wigan

DUROL
BURSTAMOTTAN
5 ára ábyrgð
- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum
BURSTAGERÐIN · ÍSLENSKUR IÐNAÐUR ·
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Litlu liðin stríddu úrvalsdeildarliðunum í fimmtu umferð ensku bikarkeppninnar um helgina:

Crawley Town í sögubækur bikarsins

FÓTBOLTI Úrvalsdeildarliðin Tottenham, Blackburn og Wolves eru úr leik í ensku bikarkeppninni en fjórða umferðin var leikin um helgina. Utandeildarliðið Crawley Town skráði nafn sitt í sögubækurnar með því að komast í 5. umferðina og er fyrsta utandeildarliðið til að komast svo langt í 17 ár. Crawley hafði betur gegn Torquay á útivelli. Matthew Tubbs skoraði markið mikilvæga en aðeins sex utandeildarlið hafa komist í fimmtu umferðina frá árinu 1925.

„Við sögðumst ætla að vinna og við stóðum við það," sagði Steve Evans knattspyrnustjóri Crawley Town. „Það verður að hrósa liðinu fyrir frammistöðuna. Ég bað strákana um að njóta hvers einasta bikarleiks og það mun ekki breytast."

Manchester United og Arsenal lentu í vandræðum með andstæðinga sína í fjórðu umferðinni. United hafði betur gegn Southampton eftir að hafa lent undir eftir frábært mark frá Richard Chaplow. Michael Owen og Javier Hernández skoruðu hins vegar í síðari hálfleik og skutu United í fimmtu umferðina.

Arsenal lenti í vandræðum með Jóhannes Karl Guðjónsson og félaga í Huddersfield en hafði að lokum 2-1 sigur. Cesc Fabregas var hetja Arsenal en hann skoraði úr vítaspyrnu á 86. mínútu. Chelsea og Everton þurfa að leika aftur eftir 1-1 jafntefli á Goodison Park. Louis Saha kom heimamönnum í Everton yfir en Salomon Kalou jafnaði metin.

Tottenham steinlá gegn Fulham á Craven Cottage 4-0. Fulham byrjaði leikinn af miklum krafti og var fjórum mörkum yfir í leikhléi. Tottenham lék reyndar einum leikmanni færri því Michael Dawson fékk að líta rauða spjaldið á 13. mínútu.

Manchester City slapp með skrekkinn gegn Notts County og var liðið heppið að ná jafntefli gegn þriðju deildarliðinu. Neil Bishop kom Notts County yfir en Edin Dzeko jafnaði leikinn og kom í veg fyrir háðulega útgöngu úr bikarkeppninni. Átta úrvalsdeildarlið hið minnsta munu leika í fimmtu umferðinni í bikarkeppninni. **- jjk**

FRÁBÆR ÁRANGUR Leikmenn Crawley Town fagna sætinu í 16-liða úrslitum ensku bikarkeppninnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gæða rúm
á góðu verði

LYSTADÚN
Marco

í 60 ár

ÚTSÖLULOK

- 20-70% afsláttur - 20-70% afsláttur - 20-70% afsláttur - 20-70% afsláttur -

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Opið mán-fös: 10-18, laug: 11-16

Vogue

ÚTSÖLULOK

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Opið mán-fös: 10-18, laug: 11-16

ÚRSLIT

Enska bikarkeppnin

32-LIÐA ÚRSLIT

Everton - Chelsea	**1-1**
1-0 Louis Saha (62.), 1-1 Salomon Kalou (75.).	
Swansea - Leyton Orient	**1-2**
Aston Villa - Blackburn	**3-1**
1-0 Ciaran Clark (11.), 1-1 Nikola Kalinic (18.), 2-1 Robert Pires (35.), 3-1 Nathan Delfouneso (42.).	
Stevenage - Reading	**1-2**
Ívar Ingimarsson lék allan leikinn með Reading.	
Birmingham - Coventry	**3-2**
0-1 Marlon King (11.), 0-2 Richard Wood (26.), 1-2 David Bentley (35.), 2-2 Stuart Parnaby (67.), 3-2 Kevin Phillips (73.). Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn með Coventry.	
Bolton - Wigan	**0-0**
Burnley - Burton	**3-1**
Sheffield Wednesday - Hereford	**4-1**
Watford - Brighton	**0-1**
Torquay - Crawley	**0-1**
Southampton - Manchester United	**1-2**
1-0 Richard Chaplow (45.), 1-1 Michael Owen (65.), 1-2 Javier Hernandez (76.).	
Arsenal - Huddersfield	**2-1**
Peter Clarke, sjálfsmark (22.), 1-1 Alan Lee (66.), 2-1 Cesc Fabregas, víti (86.). Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn með Huddersfield.	
Wolves - Stoke	**0-1**
0-1 Robert Huth (81.).	
Notts County - Manchester City	**1-1**
1-0 Neil Bishop (59.), 1-1 Edin Dzeko (80.).	
West Ham - Nottingham Forest	**3-2**
1-0 Victor Obinna (4.), 1-1 Dele Adebola (18.), 1-2 David McGoldrick (40.), 2-2 Victor Obinna (42.), 3-2 Victor Obinna (52.).	
Fulham - Tottenham	**4-0**
1-0 Danny Murphy, víti (13.), 2-0 Danny Murphy, víti (16.), 3-0 Brede Hangeland (23.), 4-0 Moussa Dembele (45.).	

Þýska úrvalsdeildin

Wolfsburg - Dortmund	0-3
Werder Bremen - Bayern München	1-3
Nürnberg - Hamburg	2-0
Schalke - Hoffenheim	**0-1**
Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á sem varamaður í liði Hoffenheim á 84. mínútu leiksins.	
St. Pauli - Köln	3-0
Kaiserslautern - Mainz	0-1
Stuttgart - Freiburg	0-1
Frankfurt - Mönchengladbach	0-1

Spænska úrvalsdeildin

Hercules - Barcelona	**0-3**
0-1 Pedro (43.), 0-2 Lionel Messi (88.), 0-3 Lionel Messi (89.).	
Osasuna - Real Madrid	**1-0**
1-0 Javier Camunas (62.). Þetta var fyrsta tap Real Madrid á leiktíðinni fyrir utan 5-0 tapið gegn Barcelona í lok nóvember. Real er nú sjö stigum á eftir toppliði Börsunga.	

Sænska úrvalsdeildin

Solna Vikings - Norrköping Dolphins	**75-94**
Logi Gunnarsson skoraði fjórtán stig fyrir Solna, gaf níu stoðsendingar og tók þrjú fráköst.	

Erum enn hungraðir í meiri árangur

Frakkar urðu í gær heimsmeistarar í handbolta eftir sigur á Dönum, 37-35, í framlengdum úrslitaleik í Malmö. Thierry Omeyer sagði í viðtali við Fréttablaðið að Frakkar væru þrátt fyrir allt ekki saddir.

HM 2011 Thierry Omeyer, markvörður franska liðsins, brosti til blaðamanna eftir sigur Frakka á Dönum, 37-35, í gær enda ástæða til. Frakkar tryggðu sér með sigrinum heimsmeistaratitilinn í annað skiptið í röð og í fjórða skiptið alls.

Spánverjar unnu til bronsverðlauna eftir sigur á heimamönnum Svía í spennandi leik í gær, 24-23. En það voru Frakkar sem áttu daginn.

„Við erum mjög ánægðir með að vinna leikinn í dag. Þetta var jafn leikur og mér fannst bæði lið leika vel en við lékum aðeins betur og erum ánægðir með okkar leik," sagði Omeyer í samtali við Fréttablaðið að leik loknum.

Leikurinn í gær var frábær skemmtun. Framlengingu þurfti til að fá úrslit og reynsla Frakkanna í leikjum sem þessum skipti máli í lokin.

„Munurinn var ekki mikill í dag. Við eigum leikmenn í okkar liði sem eru góðir í að gera mörk í erfiðum stöðum og á mikilvægum augnablikum. Danirnir köstuðu boltanum einnig frá sér nokkrum sinnum og ég held að þetta hafi verið munurinn á liðunum í dag," sagði Omeyer.

Sjálfur hefur Omeyer oft spilað betur en hann gerði í dag, en vörn Frakka stóð vörnina vel og setti Dani oft í vandræði í sínum sóknarleik.

„Vörnin var frábær oft á tíðum, sérstaklega í fyrri hálfleik. En danska liðið spilar hratt og þeir eru öflugir í hraðaupphlaupum og í annarri bylgjunni. Sjálfur átti ég kannski ekki minn besta leik. Í seinni hálfleik komu Danir sér oft í góða stöðu sóknarlega en ég reyndi að halda einbeitingu allan tímann og vera með sjálfstraustið í lagi og þá á ég alltaf möguleika á að verja mikilvæg skot. Eg varði skot frá Mikkel Hansen í lokin sem skipti máli og ég er ánægður með það."

Danir jöfnuðu metin með síðasta skoti venjulegs leiktíma og tryggðu sér þar með framlenginguna. Omeyer sagði stemninguna í búningsklefanum fyrir framlenginguna þó hafa verið góða.

HEIMSMEISTARAR Thierry Omeyer og Jerome Fernandez kampakátir með sigurlaun Frakka í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

„Við reyndum ekki að hugsa um það sem hafði gerst í lok leiksins heldur einbeita okkur að því að vinna leikinn. Við vorum ekki stressaðir og við náðum alltaf að skora þegar við þurftum á því að halda. Nikola Karabatic og Luc Abalo skoruðu mikið af mörkum og mér fannst okkar leikur í dag vera góður."

Frakkar hafa verið nær ósigrandi á undanförnum árum og eru nú handhafar heims-, Evrópu- og ólympíutitla. Omeyer sagði leikmenn þó hvergi nærri sadda.

„Við viljum alltaf meira og meira. Við eigum marga góða leikmenn eins og Abalo, Karabatic, Jerome Fernandez, Bertrand Gille, Michael Guigou og Didier Dinart sem hafa verið með í flestum þessum mótum og það vilja allir vinna hvern einasta leik sem við förum í. Þessi mót eru öll erfið og ef þú mætir ekki hundrað prósent klár bæði andlega og líkamlega þá vinnur þú ekki leikina. Við undirbúum okkur alltaf mjög vel fyrir okkar leiki og við höfum alltaf í huga að við getum tapað."

„Í okkar lið vantaði einnig leikmenn eins og Guillaume Gille og Daniel Narcisse en mér fannst ungu leikmennirnir okkar standa sig virkilega vel í þessu móti," sagði auðmjúkur Omeyer að lokum í samtali við Fréttablaðið.

Smári Jökull Jónsson í Malmö Arena

Frakkland - Danmörk 37-35 (15-12) (31-31)

Mörk Frakklands (skot): Nikola Karabatic 10 (14), Michael Guigou 7/2 (12/4), Luc Abalo 5 (6), Jerome Fernandez 5/1 (9/1), Bertrand Gille 4 (5), Xavier Barachet 3 (9), William Accambray 2 (4), Guillaume Joli 1/1 (2/1), Cedric Sorhaindo (1).
Varin skot: Thierry Henry 10 (45/3, 22%.)
Mörk Danmerkur (skot): Mikkel Hansen 10 (20), Lars Christiansen 5/2 (5/2), Bo Spellerberg 4 (4), Hans Lindberg 3 (3), Anders Eggert 3/1 (4/1), Jesper Nöddesbo 3 (4), Michael Knudsen 2 (2), René Toft Hansen 2 (5), Lasse Boesen 2 (9), Mads Christiansen 1 (2), Kasper Söndergaard Sarup (1).
Varin skot: Niklas Landin 21/2 (40/6, 40%), Sören Rasmussen 1/1 (7/1).

Alexander fjórði Íslendingurinn sem er valinn í sjö manna úrvalslið HM:

Sá fyrsti í úrvalsliðinu í 14 ár

HM 2011 Alexander Petersson er fjórði íslenski handboltamaðurinn sem kemst í sjö manna úrvalslið heimsmeistaramóts síðan farið var að velja slíkt lið á HM. Hinir eru hægri hornamennirnir Bjarki Sigurðsson og Valdimar Grímsson og línumaðurinn Geir Sveinsson. Alexander er fyrsti íslenski leikmaðurinn sem er valinn í skyttustöðuna í slíku liði og jafnframt fyrsti íslenski leikmaðurinn sem kemst í úrvalslið HM í fjórtán ár.

Alexander skoraði alls 53 mörk í níu leikjum Íslands í Svíþjóð og var á meðal markahæstu leikmanna keppninnar. Hann var markahæstur Íslendinga og var með skotnýtingu upp á 60 prósent. Hann stal einnig flestum boltum af öllum leikmönnum mótsins.

Frakkinn Nikola Karabatic var valinn besti leikmaður keppninnar en þó ekki í úrvalslið mótsins.

Frakkar eiga einir tvo fulltrúa í liðinu (markvörðinn Thierry Omeyer og línumanninn Bertrand Gille) en hinir eru Håvard Tvedten frá Noregi (vinstri hornamaður), Mikkel Hansen frá Danmörku (vinstri skytta), Dalibor Doder frá Svíþjóð (leikstjórnandi), Vedran Zrnic frá Króatíu (hægri hornamaður) auk Alexanders. **- óój, esá**

Fjórði Íslendingurinn í sjö manna úrvalsliði HM

Bjarki Sigurðsson
Hægra horn á HM í Svíþjóð 1993
2,7 mörk í leik
59 prósenta skotnýting
Ísland endaði í 8. sæti
- Skoraði 13 mörk í síðustu tveimur leikjunum.

Geir Sveinsson
Línumaður á HM á Íslandi 1995
28 mörk í 7 leikjum
4,0 mörk í leik
74 prósenta skotnýting
Ísland endaði í 14. sæti
- Fékk flestar línusendingar frá Patreki Jóhannessyni eða átta.

Valdimar Grímsson
Hægra horn á HM í Kumamoto 1997
52 mörk í 9 leikjum
5,8 mörk í leik
65 prósenta skotnýting
Ísland endaði í 5.sæti
- Varð þriðji markahæsti leikmaður keppninnar.

Alexander Petersson
Hægri skytta á HM í Svíþjóð 2011
53 mörk í 9 leikjum
5,9 mörk í leik
60 prósenta skotnýting
Ísland endaði í 6.sæti
- Var efstur Íslendinga í stoðsendingum og stolnum boltum.

ALEXANDER PETERSSON Var frábær með Íslandi á HM í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> John Malkovich

„Ég var mjög góður í hafnabolta og ruðningi, en pabbi minn sagði mér að ég hefði eitt mun meiri tíma í að pæla í því hvernig ég leit út á vellinum en að einbeita mér að íþróttinni. Ég held að hann hafi haft rétt fyrir sér."

John Malkovich fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Art School Confidential sem er gamanmynd með dramatísku ívafi um strák sem vill ólmur komast í listaskóla en kemst að því að hlutirnir eru ekki eins og hann hafði væntst, en myndin er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld kl. 20.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR MUN RÆKTA SÍNAR REMEDÍUR

Viðkunnanlegur vísindamaður með græna fingur

Ég er farin að hlakka til sumarsins. Sú árlega hefð mín hófst á ný þegar ég rakst fyrir tilviljun á breskan sjónvarpsþátt sem fjallaði um blóm. Þáttastjórnandinn er ungur maður sem titlar sig sem vísinda- og garðyrkjumann. Hann ræktar sín eigin lyf.

Það var ósköp venjulegt janúarkvöld. Ég lá undir teppi með jurtate í annarri og ónefnt heilsusamlegt snarl í hinni. Eins og gengur. Ég staldraði ögn við í stöðvaflakkinu og horfði á stjórnanda þáttarins kenna áhorfendum að búa til krem úr ólívulaufum, verkjalyf úr víðiberki og íspinna úr sólhatti. Alveg finnst mér þetta afbragðs sjónvarpsefni. Grow Your Own Drugs kemur úr smiðju BBC, eins og margt annað gott, og á svo sannarlega heima á sjónvarpsskjánum hjá okkur Íslendingum. Þó svo að við höfum ekki veðráttuna til þess að rækta ólívutré í görðunum okkar eða engi full af sólhöttum, þá gerði þátturinn það að verkum að mig langaði að byrja að sá fræjum og sjá allavega hvað gerist. Allavega hugsa um að sá. Og útbúa svo fallegar krukkur fullar af ólívukremi sem ég bjó til sjálf og virkar mun betur heldur en rándýru kremin úr apótekinu. Að minnsta kosti samkvæmt ungu dömunni sem ber það á sig einu sinni á dag í viku og sýndi undraverðan árangurinn á skjánum.

En hvort þessar lyfjablöndur virki jafn stórkostlega og viðmælendur þáttarins gefa til kynna, er kannski ekki aðalmálið. Sú hugmynd, og staðreynd, að á sumrin höfum við náttúru stútfulla af grösum og blómum sem geta gert okkur mikið gagn, hefur alltaf glatt mig. Og hinn viðkunnanlegi James Wong lætur mig hlakka til íslenska sýnishornsins af sumri sem er eiginlega næstum því rétt handan við hornið.

SJÓNVARPIÐ

16.40 Eva María og Sæmi rokk (e)
17.20 Landinn (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Sammi (39:52)
18.07 Franklín (49:65)
18.30 Sagan af Enyó (5:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Falleg sorgarsaga Margverðlaunuð heimildamynd um Oksönnu, 15 ára, sem reyndi að láta þann draum mömmu sinnar rætast að hún yrði dansmær í fremstu röð og varði níu árum af ævi sinni í ballettskóla í borginni Perm í Rússlandi.
20.55 Tíska eða list Danskur þáttur um áhrif myndlistar á fatahönnun.
21.25 Svona á ekki að lifa (5:6) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Lukkubær (8:8) Bandarísk þáttaröð. Aðstoðarlögreglustjóri í smábæ í Minnesota situr uppi með nokkur óupplýst barnaránsmál frá liðnum árum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.00 Þýski boltinn Mörk og tilþrif úr síðustu leikjum í Bundesligunni.
00.00 Kastljós
00.30 Fréttir
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Baby Mama
10.00 Trading Places
12.00 Back to the Future III
14.00 Baby Mama
16.00 Trading Places
18.00 Back to the Future III
20.00 Art School Confidential
22.00 Brothers of the Head
00.00 According to Spencer
02.00 Cemetery Gates
04.00 Brothers of the Head
06.00 Analyze This

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (11:22)
11.00 White Collar
11.45 Falcon Crest (12:28)
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance (10:23)
14.25 So You Think You Can Dance (11:23)
15.10 ET Weekend
15.55 Barnatími Stöðvar 2
16.45 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.10 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (5:19)
19.45 The Big Bang Theory (9:17)
20.10 Extreme Makeover: Home Edition (11:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra.
20.55 Undercovers (9:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles. Líf þeirra tekur stakkaskiptum þegar leyniþjónustan hefur samband og kallar þau aftur til starfa.
21.40 Saving Grace (10:13) Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
22.25 Tripping Over (3:6)
23.10 The Bill Engvall Show (8:8)
23.35 Modern Family (9:24)
00.00 Chuck (11:19)
00.45 Burn Notice (6:16)
01.30 Missionary Man
03.00 The Trail
04.35 Undercovers (9:13)
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Spænski boltinn: Osasuna - Real Madrid
13.30 Spænski boltinn: Osasuna - Real Madrid
15.15 Notts County - Man. City Útsending frá leik Notts County og Manchester City í 4. umferð ensku FA-bikarkeppninnar.
17.00 Arsenal - Huddersfield Útsending frá leik Arsenal og Hudderfield í 4. umferð ensku FA-bikarkeppninnar.
18.45 Fulham - Tottenham Útsending frá leik Fulham og Tottenham í 4. umferð FA-bikarkeppninnar.
20.30 Ensku bikarmörkin Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
21.50 Leikur um 3. sæti Útsending frá leik um 3. sætið á HM í handbolta.
23.15 Úrslitaleikur Útsending frá úrslitaleiknum á HM í handbolta.
00.40 Samantekt Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.

SPORT 2 *enski boltinn*

17.15 Premier League World 2010/11
17.45 Premier League Review 2010/11
18.45 PL Classic Matches: Newcastle - Tottenham, 1996
19.15 Arsenal - Tottenham Útsending frá leik Arsenal og Tottenham.
21.00 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
22.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
22.30 Everton - Liverpool

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.45 7th Heaven (7:22) (e)
16.30 Game Tíví (1:14) (e)
17.00 Dr. Phil
17.45 Married Single Other (4:6) (e)
18.35 America's Funniest Home Videos (43:46)
19.00 Judging Amy (6:22)
19.45 Will & Grace (11:22) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
20.10 90210 (12:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
20.55 Life Unexpected (9:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Baze finnur smokk í herberginu hjá Lux og ákveður að mæta á skólaball þar sem hún er með Jones.
21.45 CSI (3:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Höfuðlaus maður finnst í borginni og tekst rannsóknarteyminu að rekja fráfall hans til deilna milli vampíra og varúlfa á árlegri hátíð blóðsins.
22.35 Jay Leno
23.20 Dexter (11:12) (e)
00.10 Harper's Island (3:13) (e)
01.00 Will & Grace (11:22) (e)
01.20 Life Unexpected (9:13) (e)
02.05 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
08.05 Farmers Insurance Open (4:4)
11.05 Golfing World
11.55 Golfing World
12.45 Farmers Insurance Open (4:4)
16.15 PGA Tour - Highlights (3:45)
17.10 Golfing World
18.50 Farmers Insurance Open (4:4)
22.20 Golfing World SkjárGolf sýnir daglegan fréttaþátt, alla virka daga, þar sem fjallað er um allt það nýjasta úr heimi golfsins.
23.10 Champions Tour - Highlights (1:25)
00.05 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
20.15 E.R. (13:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Chase (5:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum.
22.30 Numbers (14:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjallar um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flóknina sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðisérí sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
23.15 Mad Men (9:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
00.05 E.R. (13:22)
00.50 The Doctors
01.30 Sjáðu
01.55 Fréttir Stöðvar 2
02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir Þráinn Brjánsson sjómaður spjallar við Jón Gunnar Benjamínsson veiðiáhugamann.
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf
19.00 Fróðleiksmolinn

INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
20.30 Nýju fötin keisarans Steinunn og gestir.
21.00 Frumkvöðlar Yfir 250 hugmyndir inn í Gulleggið 2011.
21.30 Eldhús meistaranna

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7**FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Heilsusamleg húðhirðulína fyrir alla fjölskylduna
– engin óþörf aukaefni

ceridal®
Húðhirðulína

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10
Extreme Makeover: Home Edition
Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington og sjálfboðaliðaher hans aðstoða einstæða, fjögurra barna móður sem ákvað að kenna börnum að synda í sundlauginni í garðinum sínum eftir að hún komst að því hversu mörg börn drukkna á hverju ári.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.50 EastEnders **11.20** Doctor Who **12.05** Deal or No Deal **12.40** Deal or No Deal **13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Whose Line Is It Anyway? **14.10** Only Fools and Horses **15.00** Doctor Who **15.45** Doctor Who **16.35** New Tricks **17.25** Deal or No Deal **18.00** Deal or No Deal **18.40** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Catterick **20.30** Torchwood **21.20** The Office **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** New Tricks **23.35** EastEnders **00.05** The Catherine Tate Show

DR 1

13.00 Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Et slag for musikken **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Jamie Olivers skolemad **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Kasper & Lise **15.30** Ni-Hao Kai Lan **15.55** Johannas husdyr **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamie Olivers eget køkken **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Jamie Olivers skolemad **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hercule Poirot **22.35** OBS **22.40** Robin Hood **05.00** Lillefinger

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** Sjukehuset i Aidensfield **12.00** NRK nyheter **12.05** The Norwegian Solution **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** FBI **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** Ja, vi elsker **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Puls **19.15** Kjendisbarnevakten **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Koselig med peis **21.30** Håkon & Haffners byggeklosser **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kalde spor

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Sportspegeln **11.35** Sverige! **12.05** Robinson i Roslagen **13.40** Hipp Hipp **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** En idiot på resa **15.55** Minuten **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Klass 9A **19.30** Dom kallar oss artister **20.00** Gynekologen i Askim **21.00** Sexualkunskap **21.30** Hotellpraktikanterna **22.00** Sherlock **23.30** Big Love **00.25** Skattehjälp på export

Viðeyjarstofa


… veisla


… móttaka


… hanastél



Má bjóða yður …

… einstæð salarkynni þar sem veislan
eða fundurinn verður að sérstökum viðburði

Í Viðey er margrómuð veisluhefð og glæsiboð aftur í aldir.
Við höfum hefðina í heiðri aðlagaða að íslenskum nútíma og óskum hverju sinni.
Húsið sjálft er listaverk eftir þekktasta rokkokómeistara Dana,
búið listaverkum og dýrgripum íslenskra meistara.

Fundur, árshátíð, ráðstefna, brúðkaup, skírn, afmæli,
hvers konar móttaka, hanastél og bara nefndu það …
fámennt eða fjölmennt, einfalt og hagkvæmt eða glæsilegt og allt þar á milli.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Viðeyjarstofa
Nánari upplýsingar og borðapantanir
á Videyjarstofa@holt.is eða í síma 553 5505
Veitingaaðili Viðeyjarstofu er Hótel Holt - Gallery Restaurant
Elding

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Desperate Housewives, hef reyndar ekki mikið fylgst með honum að undanförnu en ég á fyrstu tvær eða þrjár seríurnar sem ég horfi á reglulega.“

Lísa Einarsdóttir söngkona.

Telur sig hafa fundið ökuníðinginn

„Ég rölti framhjá staðnum þar sem ekið var utan í bílinn á sínum tíma og sé bíl í þessum bláa lit, með svart sár á framstuðara – sem passar við klessuna á mínum bíl,“ segir Halldór Högurður, einn af handritshöfundum áramótaskaupsins síðustu tvö ár.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í desember varð Halldór þrisvar sinnum á sex vikna tímabili fyrir barðinu á ökuníðingum sem klesstu á kyrrstæðan bíl hans. Halldór fékk nóg eftir síðasta áreksturinn og var staðráðinn í að finna ökuníðinginn og rukka hann fyrir viðgerðina.

„Það þarf ekki neinn heila til að sjá að þarna var líklega sami aðili, sem sækir í Landsbankann, á ferðinni,“ segir Halldór. Hann fletti upp nafni eiganda bílsins og hafði samband við lögregluna sem gat lítið gert án þess að hafa meira í höndunum. „En þegar ég nefni um hvaða manneskju var að ræða fékk ég romsu um að viðkomandi væri sídrukkin, klikkuð og myndi aldrei gangast við einu eða neinu,“ segir Halldór hissa.

En ætlarðu að rukka viðkomandi?

„Í þessum tilfelli sýnist mér karma vera að vinna vinnuna sína svo ofboðslega vel að ég þurfi ekki að blanda mér í það.“ **- afb**

KLESST'ANN Halldór sýnir hvar klesst var á bílinn á sínum tíma. Hann telur sig hafa fundið ökuníðinginn sem stakk af frá vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GÓÐUR Magni söng sig inn í hug og hjörtu áhorfenda með lagið Ég trúi á betra líf eftir Hallgrím Óskarsson.

Hin Eurovision-lögin nutu ekki sannmælis

Það vakti nokkra athygli á laugardagskvöldið þegar tilkynnt var í Söngvakeppni Sjónvarpsins að þrjú lög kæmust áfram í undankeppninni. Hingað til hafa aðeins tvö lög verið kosin í gegnum símakosningu til að keppa um að verða framlag Íslands til Eurovision. Ákvörðunin vakti nokkuð hörð viðbrögð og á Facebook-síðu Arnars Eggert Thoroddsen tónlistarmógúls skrifaði Friðrik Ómar, margreyndur Eurovision-fari, að þetta væri dæmigert. „Fáránlegt. Lýsir stjórnleysinu sem þarna ríkir. Dæmigert af RÚV að breyta reglum í miðri keppni.“

Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, sagði þetta ekki hafa átt sér langan aðdraganda en eftir smá yfirlegu hefði yfirstjórn RÚV komist að þessari niðurstöðu. „Ákvörðunin var tekin í ljósi þessara sérstöku aðstæðna sem þarna sköpuðust við fráfall Sigurjóns Brink.“

Sigrún segir að í kjölfarið hafi komið upp undarleg staða þar sem mikið hafi verið fjallað um hans lag en önnur lög staðið í skugganum. Þau hafi því ekki notið sannmælis í umfjöllun og því hafi þessi ákvörðun verið tekin. **- fgg**

VERÐUR Í ÚRSLITUM Jógvan Hansen verður í úrslitum með lag Vignis Snæs, Ég lofa. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

LÖGIN SJÖ

Aftur heim
Höfundur: Sigurjón Brink

Ég trúi á betra líf
Höfundur: Hallgrímur Óskarsson

Ég lofa
Höfundur: Vignir Snær Vigfússon

Ástin mín eina
Höfundur: Arnar Ástráðsson

Ef ég hefði vængi
Höfundur: Halli Reynis

Nótt
Höfundur: María Björk Sverrisdóttir

Eldgos
Matthías Stefánsson

STEFÁN KARL STEFÁNSSON: ÁGÆTLEGA BORGUÐ AUKAVINNA

Laumar sér bakdyramegin inn í stórmynd í Hollywood

„Það vantaði bara íslenskar raddir og ég var beðinn um að koma og syngja íslenska drykkjusöngva og segja setningar á íslensku,“ segir Stefán Karl Stefánsson, leikari í Bandaríkjunum. Rödd hans og nokkrar vel valdar setningar á íslensku heyrast væntanlega í stórmyndinni Thor sem verður frumsýnd 6. maí. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Stefán Karl er kallaður í slíkt verkefni því hann talaði einnig inn á Night at the Museum með Ben Stiller fyrir fimm árum.

Stefán segir þetta hafa verið níu tíma vinna. „Ég kenndi fimmtán manna leikarahópi að tóna Hávamál og syngja upp á íslensku og svo voru þetta bara alls konar bakraddir.“ Þetta verkefni flokkast sem „voice over“ og töluvert stór hópur manna og kvenna í Hollywood hefur sérhæft sig í að mynda mennsk aukahljóð inn á myndir til þess að ljá ákveðnum hlutum meiri dýpt. „Það er kannski einhver stjarna lamin í magann og þá vantar kannski hærra hljóð frá honum. Þá er ekkert hægt að hringja í stjörnuna og biðja hana um að koma í hljóðver og gefa frá sér svona hljóð heldur er það bara svona „voice over“-leikari sem sér um það,“ útskýrir Stefán. Og þannig fór vinnan við Thor fram. Stefán sat í hring með þessum fimmtán manna hópi, svo komu ákveðin atriði sem þurfti að bæta og þá stóð einhver upp og gaf frá sér hljóð eða sagði eitthvert orð.

Því er spáð að Thor verði ein af sumarsmellum ársins í ár en myndin skartar stórstjörnum á borð við Natalie Portman og Anthony Hopkins í helstu hlutverkum auk Chris Hemsworth sem leikur hinn vöðvastælta þrumuguð Þór. Leikstjóri er Kenneth Branagh og hann var að sjálfsögðu viðstaddur upptökurnar. Stefán veit hins vegar ekki hversu mikið heyrist af íslenskunni í myndinni, það hafi til dæmis ekkert heyrst frá honum í Night at the Museum. „Ég er nánast alveg klár á því að það heyrist vel „Heill sértu Þór“ þegar hann er krýndur sem konungur í myndinni.“ Stefán segir þetta hafa verið ákaflega skemmtilega reynslu, þetta sé svona bakhliðin á kvikmyndagerðinni. Hann bjóst hins vegar ekki við því að fara að leggja þetta fyrir sig. „Það var mjög skemmtilegt að sjá þennan ættbálk svokallaðra „voice over“-leikara. Og þeir hafa sæmilega upp úr þessu, hundrað þúsund krónur á dag.“ freyrgigja@frettabladid.is

ÍSLENSKAR RADDIR

Stefán Karl talaði inn á stórmyndina Thor, kenndi og söng íslenskar drykkjuvísur og tónaði Hávamál. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann er kallaður í slíkt verkefni, hann talaði líka inn á Night at Museum fyrir fimm árum. Stefán gerir sér vonir um að hans rödd og íslenskan muni heyrast fyrir alvöru nú þegar þeir Þór, Óðinn og Loki birtast á hvíta tjaldinu.

Tekur þátt í hönnunarsamkeppni sænskrar tískukeðju

Tóta Jóhannesdóttir er á meðal þátttakenda í hönnunarsamkeppni á vegum sænsku verslunarkeðjunnar Sisters. Hún hefur verið búsett í Svíþjóð undanfarin tvö ár og starfar sem klippari samhliða því að hanna tískufatnað.

Tóta er hárgreiðslukona að mennt og rak áður hárgreiðslustofuna 101 Hárhönnun sem er við Skólavörðustíg. Hún hefur þó lengi haft áhuga á hönnun og flutti til Svíþjóðar til þess að reyna fyrir sér í þeim bransa. „Ég var ekki með neitt plan þegar ég flutti út, mig langaði bara að breyta til og þreifa fyrir mér í fatahönnuninni,“ útskýrir Tóta. Hún hefur þegar verið fengin til að hanna eina fatalínu fyrir vefverslunina Nelly.com og er hún væntanleg í sölu nú í apríl.

Aðspurð segist Tóta ekki vita mikið um hönnunarsamkeppni Sister annað en að þetta sé í fyrsta sinn sem hún er haldin og að verðlaunaflíkin verði sett í framleiðslu og seld í verslunum Sisters, „Þau báðu mig um að senda inn mynd af flík sem ég gerði. Myndin var svo sett á Facebook-síðu Sisters og sú mynd sem fær flest „like“ kemst áfram í keppninni þannig að eg þigg alla hjálp frá vinum, vandamönnum og öðrum við að like-a myndina mína. Þetta virðist standa og falla frekar með markaðssetningunni heldur en hönnuninni sjálfri. Sisters er samt stór verslunarkeðja þannig að það er til mikils að vinna og auðvitað væri frábært að komast áfram,“ segir Tóta. Henni hefur gengið ágætlega í keppninni hingað til og kann fjöldi manna að meta myndina.

KEPPIR TIL SIGURS Tóta Jóhannesdóttir er á meðal þátttakenda í hönnunarsamkeppni á vegum sænsku verslunarkeðjunnar Sisters. Kjóllinn sem hún sendi í keppnina hefur vakið nokkra athygli og kunna margir að meta hönnun Tótu.

Tóta segist kunna vel við sig í Svíþjóð og sér ekki eftir því að hafa flutt út. „Ég er ekkert að sigra heiminn en mér finnst voðalega gaman að gera það sem ég er að gera og er mjög ánægð með líf mitt hérna í Stokkhólmi, borgin er mjög falleg og veitir manni innblástur á hverjum degi,“ segir hún glaðlega. **- sm**

Ótrúlegt verð!

SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur

í sólarhring!

Valdar dagsetningar í vor!

byrjar í dag kl.12:00

PLÚSFERÐIR ENNMEIRI PLÚS! www.plusferdir.is

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Verðdæmi á mann:

Orlando

8 nætur morgunverður innifalinn!

Verð frá: **89.900**

Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

Flug og gisting í 8 nætur með morgunmat.
Brottför: 2. apríl, m.v. 2 fullorðna og 2 börn
á Baymont inn & Suites

Athugið!
Sólarspretturinn hefst mánudaginn 31.janúar kl. 12:00 og þú hefur aðeins 24 klst til að bóka þetta ótrúlega tilboð!

*innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

MATSEÐILLINN FYLGIR BLAÐINU

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010

FRÉTTIR AF FÓLKI

Skemmtilegar tengingar

Fréttablaðið greindi frá uppgangi hins unga Ara Helgasonar og fyrirtækis hans, Fabricly, í New York. Fyrirtækinu er ætlað að aðstoða fatahönnuði að koma línum sínum á markað en hugmyndin kviknaði út frá öðru fyrirtæki sem Ari og bróðir hans, Ingvar Helgason, voru með. Þeir bræður eiga reyndar ekki langt að sækja smekk fyrir fallegum klæðnaði því eldri hálfbróðir þeirra er sjónvarpsmaðurinn **Egill Helgason**, sem er þekktur fyrir að hafa gott auga fyrir fallegum fötum. Móðir þeirra Ara og Ingvars er síðan útvarpskonan og pistlahöfundurinn Sigrún Davíðsdóttir.

Nýtt met

Það heyrir til undantekninga þegar bloggsíða fær yfir hundrað athugasemdir. Og þegar athugasemdirnar verða fleiri en 200 ratar umfjöllunarefnið yfirleitt í fjölmiðla. Íslenskir Liverpool-aðdáendur hafa þó eflaust sett nýtt met í athugasemdum við eina færslu á blogginu en hún fjallaði um hugsanlegt brotthvarf **Fernando Torres** til Chelsea. Þegar þessar línur hafa verið skrifaðar hafa 652 athugasemdir verið skráðar við færsluna sem verður að teljast einstakt. **- fgg**

Mest lesið

VÍSIR.IS

1. Myndaði fund milljarðamæringsmeð íslenskum …
2. Heiðra minningu Sjonna: Hann batt okkur alla saman
3. Lag Sigurjóns komst áfram
4. Einn með allar tölurnar réttar
5. Perlan verður seld

Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

30% ÚTSÖLUAFSLÁTTUR

GRAND HAVEN
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 309.880 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 199.800 kr.

AC-PACIFIC
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 213.800 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 149.660 kr.

AMELIA
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 149.700 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 97.305 kr.

GRAND HAVEN
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans

AC-PACIFIC
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Einginn hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

AMELIA
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

Apríl 240111

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM